

66° Norður:
Einn leikur
í einu



16

Húsin í bænum:
Hægir á hækunum



10-11

Beckham ríkastur:
Milljarðamæringar
í boltaleik



7

Fimm ár frá skráningu
deCODE vestanhafs:

Kári opnar Nasdaq í dag

Fimm ár eru liðin frá skráningu deCODE á bandaríska hlutabréfamarkaðinn og gengi félagsins er nú tæpir 10 Bandaríkjadalir á hlut. Gengi félagsins hefur hækkað mikið að undanfögnu en það sveiflast mjög hratt, bæði upp og niður.

Í tilefni þess að fimm ár eru frá skráningu félagsins á Nasdaq opnar Kári Stefánsson, forstjóri fyrirtækisins fyrir viðskipti á Nasdaq. Að afhfninni lokinni verður myndskreið um fyrirtækið sýnt nokkrum sinnum á risaskjá á turni Nasdaq við Times Square í hjarta borgarinnar, það sem eftir lifir dags. Sjá nánar bls. 8



FRÉTTIR VIKUNNAR

Íslenskir risabankar | Íslensku bankarnir þrír eru meðal þeirra banka sem hækka hvað mest á lista breska tímaritsins The Banker yfir 1.000 stærstu banka heims. Landsbankinn hækkar mest, KB banki kemur næst á eftir og svo Íslandsbanki.

Íbúðalánasjóður í klemmu | Undanfarið hafa staðið deilur um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til banka og sparisjóða og félagslegt markmið sjóðsins. Forstjóri Íbúðalánasjóðs er ekki á móti því að sjóðnum verði heimilt að veita lán til endurfjármögnunar.

Komið að skuldadögum | Fyrrum stjórnarformaður fjarskiptafyrirtækisins Worldcom, Bernard Ebbers, hefur verið dæmdur í 25 ára fangelsi fyrir fjársvik og skjalafals. Ebbers var jafnframt gert að láta af hendi stærstan hluta auðæfa sinna, sem talin eru nema tæpum þremur milljörðum króna, og rennur féð til hluthafa í Worldcom sem töldu á sér brotið.



Baugur selur | Baugur Group seldi 5,55 prósent hlut sinn í bresku verslunarkeðjunni Somerfield eins og áður hafði verið boðað og er áætlaður söluhagnaður hlutarins þrír milljarðar króna.

Ný stjórn Sjóvá | Hluthafafundur kaus nýja stjórn Sjóvá í síðustu viku en hana skipa Bjarni Ármannsson, Benedikt Jóhannesson, Karl Wernersson, Guðmundur Ólason og Jón Scheving Thorsteinsson.

Erlendar fjárfestingar | Íslendingar fjárfestu sem aldrei fyrr í sögunni í útlöndum í fyrra og jókst íslensk fjárfesting í útlöndum þá um rúm 580 prósent miðað við árið áður. Þetta kom fram í tölum frá Seðlabanka Íslands.

Erlendir fjárfestar bjóða ekki í Símann

Allt stefnir í að einungis þrír hópar af tólf berjist um Símann þegar tilboð verða opnuð í næstu viku. Hóparnir eiga það sameiginlegt að vera samansettir af íslenskum aðilum.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Útlit er fyrir að erlendir fjárfestar, sem hafa verið að undirbúa tilboð í Símann, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við íslenska aðila, skili ekki inn bindandi tilboðum áður en frestur rennur út. Fari svo senda einungis þrír hópar, sem eingöngu eru skipaðir íslenskum fjárfestum, inn tilboð í fyrirtækið. Stefnir er að því að opna kauptilboðin í viðurvist fjölmiðla og bjóðenda á fimmtudaginn í næstu viku. Gengið verður til samninga við hæstbjóðanda og eru drög að kaupsamningi tilbúin.

Á miðvikudag í síðustu viku þurftu bjóðendur að gera einkavæðingarnefnd grein fyrir samsetningu hópanna. Áður þurftu þessir aðilar að stofna sérstök rekstarfélög um samstarfið. Félögin þrjú, sem vitað er að sendu inn tilboð, heita Nýja Símafélagið, Símsstöðin og Skipti. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru Íslandsbanki og Straumur fjárfestingabanki ekki að aðilar að slíkum félögum, en þeir hafa undirbúið tilboð í samvinnu við erlenda

aðila. Óvíst er hvort hópur, sem Dagný Halldórsdóttir hjá Neyðarlínunni veitir forystu undir nafninu D8, sendi inn tilboð.

Upphaflega sendu fjórtán aðilar inn óbindandi tilboð í Símann og fengu tólf þeirra að halda áfram í söluferlinu. Sex hópar voru eingöngu skipaðir erlendum fjárfestum, þrír voru blandaðir og þrír hópar eingöngu skipaðir íslenskum fjárfestum. Ekki liggur fyrir af hverju erlendu aðilarnir hættu við þátttöku. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er hátt verð á Símanum í samanburði við sambærileg fyrirtæki í Evrópu líklegasta skýringin. Því er ljóst að minni samkeppni verði um kaup á Símanum en í stefndi.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, vildi ekki staðfesta að erlendu aðilarnir hefðu heldst úr lestinni. „Það verður bara að koma í ljós þegar tilboðin eru opnuð,“ sagði hann. Nú væri búið að skoða eignartengsl innan hópanna og ekki að sjá neina annmarka á því. Nokkrar breytingar hefðu verið gerðar á skiptingu eignarhluta þeirra félaga sem ætli sér að senda inn tilboð í Símann.

SÍMSTÖÐIN	NÝJA SÍMAFÉLAGIÐ	SKIPTI
<ul style="list-style-type: none"> Burðarás hf. Kaupfélag Eyfirðinga svf. Ólafur Jóhann Ólafsson LLC Talsímafélagið ehf. Tryggingamiðstöðin hf. (Íslandi) 	<ul style="list-style-type: none"> Atorka Group hf. Frosti Bergsson Jón Helgi Guðmundsson Jón Snorrason Sturla Snorrason (Íslandi) 	<ul style="list-style-type: none"> Exista ehf. Kaupþing Banki hf. Lífeyrissjóður verslunarmanna Gildi-lífeyrissjóður Sameinaði lífeyrissjóðurinn Samvinnulífeyrissjóðurinn MP fjárfestingarbanki Skúli Þorvaldsson (Íslandi)

Ró færir yfir fasteignamarkaðinn

Kaupsamningum fasteigna fækkar en meðalverð þeirra hækkar.

Dögg Hjaltalin
skrifar

Verð á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mikið síðustu 12 mánuði en nú virðist rólegt yfir markaðinum. Samkvæmt tölum frá Fasteignamatiríkisins hefur þinglýstum kaupsamningum fækkað milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Aftur á móti hefur meðalverð hvers kaup-

samnings hækkað á milli tímabíla.

Greiningardeildir bankanna hafa spáð því að hægja fari á hækunum á fasteignaverði en hafa þó ekki spáð verðhjöðnun.

Eftir jafn miklar hækkanir og hafa verið að undanfögnu er alltaf ákveðin hætt á verðbólgu, en verðbólur geta sprungið og fasteignaverð lækkað hratt í kjölfarið. Ástæður þess að ekki er um

verðbólgu að ræða er að hækkanir á fasteignaverði má rekja til aukins lánaframboðs og lægri vaxta á fasteignalánum.

Einnig má benda á aukið framboð af nýju húsnæði á höfuðborgarsvæðinu dregur úr hækunum á fasteignaverði til lengri tíma. Framboð á nýju húsnæði hefur aukist mikið, ekki síst vegna hækunar fasteignaverðs. Sjá nánar bls 10-11

Útrásarvísitalan hækkar: Cherryföretag og French Connection hækka mest

Útrásarvísitalan hækkaði um tæpt eitt prósent milli vikna en nokkrar breytingar hafa orðið á útrásarvísitölunni frá því í síðustu viku. Tvö ný félög, Cherryföretag, sem Burðarás keypti stóran hlut í í síðustu viku og Sampo, sem KB banki á í hafa komið inn.

Singer & Friedlander og Somerfield hafa dottið út en KB banki hefur keypt Singer & Friedlander og Baugur hefur selt hlut sinn í Somerfield.

Cherryföretag hefur hækkað mest fyrirtækjanna og einnig hefur French Connection hækkað tæp sjö prósent. DeCODE er það félag sem lækkar mest en var hástökkvari síðustu viku. Sjá síðu 6. -dh

8,0%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.06.2005–30.06.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útböðslysingar og útdráttar úr útböðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	-1%	6%
Bakkavör Group	-1%	58%
Burðarás	1%	34%
Flaga Group	0%	-22%
FL Group	-4%	47%
Grandi	-2%	2%
Íslandsbanki	-1%	21%
Jarðboranir	0%	7%
Kaupþing Bank	-1%	24%
Kögun	1%	26%
Landsbankinn	0%	43%
Marel	-1%	18%
SÍF	-1%	-1%
Straumur	0%	27%
Össur	0%	3%

*Míðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Actavis og Fjármálaeftirlitið:

Athugun ólokið

Ekki er enn komin niðurstaða í athugun Fjármálaeftirlitsins á meintum upplýsingaleka frá Actavis samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

Viðskipti með bréf félagsins voru stöðvuð í Kauphöllinni 13. maí síðastliðinn vegna gruns um að jafnræðis gætti ekki meðal fjárfesta. Páll Gunnar Pálsson, fyrr-

verandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sagði í kjölfarið að málið væri í athugun hjá stofnuninni.

Grunur lék á að upplýsingar um væntanleg kaup Actavis á bandarísku samheitalyfjafyrirtæki

hefðu lekið út. Stuttu síðar staðfesti félagið að það væri langt komið í viðræðum um kaup á fyrirtæki, sem síðar varð raunin. -bg



Kjúklingaæði

Aldre meira magn af kjúklingi hefur verið selt innanlands júní og á þessu ári. Samkvæmt mánaðaryfirliti Bændasamtakanna seldust rúm 555 tonn af alifuglakjöti í þessum eina mánuði. Er það tæp 30 prósent aukning miðað við sama mánuði í fyrra. Frá apríl og fram í júní seldust 1.587 tonn og jókst salan þessa þrjá mánuði um 25 prósent.

Samkvæmt mælingum Hagstofunnar hefur verð á fuglakjöti lækkað um 1,36 prósent frá áramótum. Á meðan hefur verið á svína- og lambakjöt hækkað um 16 til 18 prósent. -bg



GÖÐUR HAGNAÐUR Hluthafar í SÍF fengu mjög gott verð fyrir Iceland Seafood Corporation og voru einungis viðskiptaleg sjónarmið sem réðu söluinni.

Salan var á viðskiptalegum forsendum

SÍF leysti út mikinn gengishagnað við sölu á Iceland Seafood og fjárfesting í Sjóvík var góð.

„Sala SÍF hf. á Iceland Seafood Corporation, dótturfélagi sínu í Bandaríkjunum, til Sjóvíkur var í samræmi við stefnumörkun félagsins þess efnis að leggja aðaláherslu á Evrópumarkað og kældar afurðir,“ segir Jakob Sigurðsson, forstjóri SÍF-samstæðunnar. SÍF taldi sig fá verulega gott verð við það að selja Iceland Seafood Corporation, dótturfélag í Bandaríkjunum, til Sjóvíkur og voru eingöngu viðskiptaleg sjónarmið í þágu hluthafa félagsins sem réðu söluinni að sögn Jakobs.

Hann segir enn fremur að koma Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns SÍF að söluinni, hafi

þar engu breytt um en Ólafur kynnti hugmyndina að söluinni fyrir stjórn fyrirtækisins og hafði ekki frekari afskipti af málinu.

Söluhagnaður SÍF af viðskiptunum við Sjóvík nam um átján milljónum evra og fjárfesti við sama tilefni um þrettán prósent í Sjóvík. Fyrir stuttu leysti SÍF út mikinn söluhagnað af bréfum í Icelandic Group (SH) sem það fékk í skiptum fyrir Sjóvíkurhlutinn þegar félögin sameinuðust í maí síðastliðnum. Söluhagnaðurinn nam 5,5 milljónum evra af 6,5 milljónum evra fjárfestingu. -epa

„Eitt skal yfir alla ganga“

Bergur Elías Ágústsson bæjarstjóri í Vestmannaeyjum segir umræðu um auðlindargjald og svokallaða firningarleið í sjávarútvegi vera með hreinum ólíkindum: „Umræðan er marklaus ef menn ræða ekki um nýtingu annarra náttúruauðlinda á sama tíma svo sem jarðvarma, vatnsorku og hálandið. Eitt skal yfir alla ganga.“ Kemur þetta fram í fréttabréfi LÍÚ, Útvegnum.

Hann segir Íslendinga hafa borið gæfu til að stjórna fiskveiðum á arðbæran hátt en segist þó hafa ástæðu til þess að óttast að stjórnvöld grípi til aðgerða sem geri það að verkum að samkeppnishæfni fyrirtækja fái ekki að njóta sín. Framtíð íslensks sjávarútvegs sé hins



BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON BÆJARSTJÓRI Í VESTMANNAEYJUM Bergur telur Íslendinga hafa borið gæfu til að stjórna fiskveiðum á arðbæran hátt en óttast að stjórnvöld grípi til aðgerða sem hamli samkeppnishæfni fyrirtækja.

vegar björt fái hann að dafna á viðskiptalegum forsendum. -jsk

Promens þrefaldast

Til verður eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins með starfsemi í tólf löndum. Starfsmenn verða 1.250 talsins. Kaupverð um þrjú milljarðar.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Promens, sem áður kallaðist Sæplast, hefur keypt Bonar Plastics, dótturfélag Low and Bonar fyrir rúma 2,9 milljarða króna. Eftir kaupin verður fyrirtækið eitt stærsta iðnaðarfyrirtæki í eigu Íslendinga en það þrefaldast að stærð við kaupin. Promens er dótturfélag Atorku Group.

„Við erum að stofna til mjög stórs iðnfyrirtækis sem er með starfsemi í átta löndum bæði austan hafs og vestan. Áhættunni verður því dreift á marga staði. Með þessum kaupum er verið að fara inn á ný svið. Við erum að kaupa iðnfyrirtæki en fyrirtækjakaup Íslendinga erlendis hafa hingað til miðast við fjármála- eða verslunarfyrirtæki,“ segir Geir A. Gunnlaugsson, forstjóri Promens.

Bonar Plastics er ein af þremur einingum Low & Bonar sem skráð er í Kauphöllinni í London. Low & Bonar og er að fimmtungs hluta í eigu Atorku. Bonar Plastics sérhæfir sig í hverfissteypum vörum úr plasti. Um 65 prósent af sölu félagsins eru vörur sem framleiddar eru fyrir aðra framleiðendur.

Gert er ráð fyrir því að velta sameinaðs félags verði um 140 milljónir evra eða hátt í ellefu milljarðar króna. Rekstrarhagn-



KAUPIR PLASTFYRIRTÆKI Promens, dótturfélag Atorku Group, hefur keypt Bonar Plastics fyrir þrjú milljarða króna. Promens þrefaldast að stærð og verður eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins.

aður félagsins fyrir afskriftir og skatta er áætlaður á bilinu tólf og þrettán milljónir evra eða í kringum milljarð. Starfsmenn samstæðunnar verða um 1.250 og fer starfsemin fram í nítján verksmiðjum í tólf löndum auk söluskrifstofa í Hong Kong, Kína og Víetnam.

Kaupin eru fjármögnuð með hlutafé frá Atorku Group og lántökum í bönkum.

Búið er við töluverðum samlegðaráhrifum í hinu sameinaða

fyrirtæki sem ásamt sterkri markaðsstöðu félaganna og öflugum tæknigrunni gefur möguleika á ývexti meðal annars bæði í Austur-Evrópu og Asíu. Geir sér fyrir sér mikla möguleika á innri vexti Promens. „Við skoðum líka möguleika á ytri vexti með frekari fyrirtækjakaupum.“

Gengi Atorku hækkaði um meira en sjö prósent í Kauphöllinni í gær en Low & Bonar um tæp þrjú prósent.

Sendi annað bréf til stofnfjáreigenda

Vildu kanna hvort stofnfjárhlutir hefðu verið seldir.

Stjórn SPH sendi nýtt bréf til stofnfjáreigenda 7. júlí og hvatti þá að svara bréfi Fjármálaeftirlitsins (FME), sem dagsett var 24. júní, hið fyrsta. Áður hafði stjórnin ákveðið að svara FME fyrir hönd stofnfjáreigenda og taldi að „FME [væri] komið út fyrir valdheimildir þær sem stofnunin hefur lögum samkvæmt“. Tekið var fram í fyrra bréfinu að hverjum og einum stofnfjáreigenda væri í frjálst vald sett að svara því. Hafði FME samband við stjórn SPH og það

hana um að senda nýtt bréf til stofnfjáreigenda þar sem þeir yrðu beðnir um að senda inn svör til eftirlitsins þótt fresturinn væri runninn út.

FME vildi kanna hjá stofnfjáreigendum hvort þeir hefðu framsett stofnfjárhluti sína og áttu þeir að svara í síðasta lagi 29. júní.

Stofnfjáreigendafundur fer fram á morgun þar sem meðal annars verður rætt um nýtt stjórnskipurit, starfslokasamninga fyrirverandi stjórnenda,



ANNAD BRÉF Stjórn SPH sendi út annað bréf til stofnfjáreigenda og hvatti þá til að svara bréfi FME. Frestur eftirlitsins var þá runninn út.

hugmyndir um útrás sjóðsins og viðskipti með stofnfjárbréf. -epa

E*TRADE

Við færum þér fjármálaheiminn

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfi viðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is


▶ GOTT ÚRVAL STAFRÆNNA MYNDAVÉLA



KONICA MINOLTA

GLÆNÝTT MÓDEL

- **Örsmá og nett** hágæða DIGITAL MYNDAVÉI
- 5 MegaPixel upplausn
- Stór 2,5" LCD skjár
- Vönduð aðdráttarlinsa
- 3 x zoom
- Aðeins 0.5 sekúndur að ræsast
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
- Rafhlaða sem endist í 150 myndir



VERÐ ▶ 29.990

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ

DiMAGE X60

5 MEGAPIXEL

SÝND HÉR Í RAUNSTÆRÐ

8,35sm x 5,6sm x 2,2sm - 125 grómm



OLYMPUS® C370Z

Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndataku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.

3,2 MEGAPIXEL

TILBOÐ ▶ 11.990

FULLT VERÐ kr. 19.990



OLYMPUS® FE5500

Digital MYNDAVÉL með 5 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 35 - 105mm) linsu, 2" LCD skjá, hágæða hreyfimyndataku með hljóði, Auto Exposure, tímarofa, USB tengingu við tölvu, notar XD kort og 14mb innra minni.

5 MEGAPIXEL

VERÐ ▶ 24.990

FRÁBÆRT VERÐ



KONICA MINOLTA DiMAGE G600

Lítill Digital MYNDAVÉL með 6 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndataku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.

6 MEGAPIXEL

TILBOÐ ▶ 26.990

FULLT VERÐ kr. 34.990

ÓTRÚLEGA LÍTIL DIGITAL TÖKUVÉL MEÐ 3CCD MYNDFLÖGUM OG 5 MEGAPIXEL KYRRMYNDATÖKU - ÞAÐ NÝJASTA FRÁ JVC!

JVC® NÝ SENDING KOMIN

GZMC500

Ótrúlega Nett. Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4.5" ípptökufögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndatöku (2.560x1.920 Pixelar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð: (b x h x d): 8.0x5.5x11.8 sm . Þyngd 400g.

5 MEGAPIXEL

TILBOÐ ▶ 139.990

FULLT VERÐ kr. 179.990



TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

MEÐ 4GB MicroDrive

STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR

JVC® GRD21

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökufloðu með 800.000 díllum, 700x Super Digital Zoom, 16x Optical Zoom, endingargóðri rafhlöðu og Digital ColorNightScope.

TILBOÐ ▶ 29.990

FULLT VERÐ kr. 39.990



JVC® GRD240

Digital DV TÖKUVÉL með 2,5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökufloðu með 800.000 díllum, 800x Digital Zoom, 25x Optical Zoom, DV útgangi, endingargóðri rafhlöðu og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

TILBOÐ ▶ 44.990

FULLT VERÐ kr. 54.990



1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Kaupfélag Borgfirðinga, Borganesi, Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Dranganesi. NORDURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, KF Húsvetninga, Blönduósi. SKAGFIRÐINGABÚÐ, SAUÐÁRKRÓI, LÍÐSGLAFLUN, AKUREYRI, ÖRYGGI, HÚSAVÍK, AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossvag, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatekni, Keilavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.

Kaupin á Singer & Friedlander:

Fleytir KB banka enn hærra

KB banki hækkar enn frekar á lista The Banker yfir eitt hundrað stærstu banka heims þegar listinn verður birtur á næsta ári. Yfirtöku KB banka á Singer & Friedlander (S&F) lýkur að öllum líkindum að fullu með haustinu. S&F var í 507. sæti listans en KB banki í því 211. Ef bankarnir eru lagðir saman skjótast þeir upp í 169. sæti en vegna mikils vaxtar íslensku bankanna á þessu ári má fastlega búast við því að þeir hækki enn frekar. - eþa

STÓR BANKI Við kaup KB banka á Singer & Friedlander verður bankinn kominn í hóp 170 stærstu banka heims.



Citigroup í fyrsta sæti

Citigroup er stærsti banki í heimi samkvæmt lista The Banker yfir eitt þúsund stærstu banka heims í lok síðasta árs. Samsteypnan var einnig verðmætasti banki heims að markaðsvirði en virði bankans nam um sextán þúsund milljörðum króna. Í eignum talið er bankinn þó í öðru sæti. Svissneski bankinn UBS, sem skipar nítjándu sæti, er stærstur í eignum talið. Eignir hans nema eitt hundrað þúsund milljörðum króna.



CITIGROUP Bandaríski stórbankinn Citigroup er stærsti banki heims að mati The Banker.

Annar í röðinni er í JP Morgan Chase sem hoppaði upp um þrjú sæti á milli ára. Kínverski bankinn Bank of China er sá ellefti en hann stökk upp um átján sæti frá fyrra ári. Japanskir bankar eiga erfitt ár að baki samkvæmt niðurstöðu The Banker. Mizuho lækkaði um tvö sæti og Sumitomo Mitsui Financial Group, sem vermdi niunda sætið árið 2003, féll niður í það fimmtánda.

TÍU STÆRSTU BANKAR HEIMS AÐ MATI THE BANKER

Sæti	Banki	Land	Sæti í fyrra
1.	Citigroup	BNA	1.
2.	JP Morgan Chase	BNA	5.
3.	HSBC Holdings	Bretland	3.
4.	Bank of America Corp	BNA	4.
5.	Crédit Agricole Groupe	Frakkland	2.
6.	Royal Bank of Scotland	Bretland	8.
7.	Mitsubishi Tokyo Fin. Gr.	Japan	7.
8.	Mizuho Financial Group	Japan	6.
9.	HBOS	Bretland	11.
10.	BNP	Paribas	10.

KB banki er í 211. sæti á listanum, Íslandsbanki í 441. sæti og Landsbankinn í því 471. eins og áður hefur komið fram. - eþa

Lækki tengigjöld

Farsímanotendur á Íslandi nota símann sinn að jafnaði minna í hverjum mánuði en nágrannar

MÁNAÐARLEG FARSÍMANOTKUN*

Land	Mínútur
Finnland	247
Frakkland	213
Írland	198
Bretland	144
Ísland	140
Þýskaland	74

*Miðað er við meðalnotkun hvers notanda

þeirra í Finnlandi, Frakklandi, Írlandi og Bretlandi svo dæmi séu tekin. Póst og fjarskiptastofnun telur möguleika á að auka töluvert farsímanotkun með því að lækka gjald fyrir símtöl á milli farsímaneta. Það á við þegar viðskiptavinur Símans hringir í síma viðskiptavinar OgVodafone. Lægra verð fyrir þessi símtöl gæti, að mati Póst- og fjarskiptastofnunar, skilað sér í aukinni notkun án þess að heildartekjur farsíma-fyrirtækja lækkuðu að sama skapi. -bg



Barist um auglýsendur

Auglýsingaverð hefur farið lakkandi á undanförunum mánuðum vegna fjölgunar prent- og ljósvakamiðla. Erfiðara er fyrir markaðsstjóra að átta sig á því hvar markhópna er að finna.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Verð á auglýsingamarkaði hefur farið lakkandi undanfarna mánuði og er skýringin sögð sú að fjölmörgum, einkum prentmiðlum, hefur fjölgað mikið. „Ég er að sjá verð sem ég hef ekki séð á þessum markaði,“ segir Jón Viðar Stefánsson, markaðsstjóri hjá Húsasmíðjunni. „Heilt yfir verður maður mjög var við alls konar gylliboð.“

Guðmundur Gíslason, markaðsstjóri hjá B&L, verður einnig var við að verð á auglýsingum hafi lækkað – sérstaklega á síðustu mánuðum. Það hafi þó ekki lækkað markaðskostnað fyrirtækisins. „Þegar nýir miðlar hafa verið að koma inn hefur auglýsingaverð lækkað vegna samkeppninnar. Þegar ég var að byrja í þessu starfi dugði heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu því öll þjóðin sá þá auglýsingu. Í



Markaðurinn/Velli

AUGLÝSINGAVERÐ LÆKKAR Markaðsstjórar eru sammála að verð á mið- og auglýsingum hafi lækkað. Fleiri ljósvaka- og prentmiðlar eru ástæða að við þessarar þróunar. síðasta

dag þarf allt aðra taktík. Maður þarf að dreifa sér á mun fleiri miðla.“

Hann býst við að þegar uppsveiflan í þjóðfélaginu er á enda lækki auglýsingaverð enn þá frekar.

Jón Viðar er ekki tilbúinn að nefna tölur í þessu sambandi en sagði að lakkunin væri allnokkur

sumar. Hann segir að þetta ástand hljóti að vera mjög gott fyrir marga auglýsendur þótt hann hafi ákveðna skoðun á því að sumir miðlar auglýsi betur en aðrir. „Stærri fyrirtæki birta eftir dekkunar- og tíónimarkmiðum og horfa í snertiverð en láta ekki ódýrasta heildarverði ráða því hvar auglýsingin er.“



KJÖTFJALL Fjallið minnkar og verðið hækkar.

Kjötið snarhækkar

Svínakjöt hefur hækkað um 18 prósent á árinu.

Kjötframleiðendur á Íslandi hafa dregið úr framleiðslu sinni og er eftirspurnin eftir kjöti, sérstaklega nautakjöti, meiri en framboðið. Það hefur leitt til mikilla verðhækkana frá áramótum. Svínakjöt hefur hækkað um 18 prósent, lambakjöt um tæp 16 prósent og nautakjöt um 7 prósent samkvæmt mælingum Hagstofunnar.

Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri Síldar og fisks, segir jafnvægi að nást í svínakjötsframleiðslu eftir mikla rússíbanareid. Dregið hafi verið

úr framleiðslu í júní um fjórtán prósent miðað við sama tíma í fyrra.

Sigurður V. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kjötsmíðjunnar, segir að umtalsverð hækkan hafi verið á öllu kjöti frá framleiðendum. Hún verði enn meiri í haust því skortur sé á kjöti.

Porgils Torfi Jónsson, framkvæmdastjóri Sláturhúss Hellu, segir verðið hafa hrapað undanfarin ár og sé að ná sér á strík aftur. Það sé samt hvergi nærri því sem áður var. -bg

SKAMMTÍMASJÓÐUR

9,0%*

Skammtímasjóður er góður kostur fyrir þá sem vilja áhættulitla fjárfestingu og verja sig gegn verðbólgu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi eftir 30 daga. Innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 30.06.2005

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útbóðsýsingu eða útdrætti úr útbóðsýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
- kraftur til þín!

Klæðskerasniðnar lausnir

“Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur.“

Arnar Snær Kárason
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja

Hinnik Pétursson | www.mmedia.is/hp


LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

ÚTRÁSARVÍSITALA 110,46 0,70%

Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjaldmiðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgaría	Lev	11,75	40,1377	1,22%
Carnegie	Svíþjóð	SEK	90	8,389	1,49%
Cherryföretag	Svíþjóð	SEK	30,4	8,389	9,30%
deCode	Bandaríkin	USD	9,65	65,26	-4,54%
EasyJet	Bretland	Pund	2,635	114,02	1,20%
Finnair	Finnland	EUR	7,16	78,69	-1,92%
French Connection	Bretland	Pund	2,55	114,02	6,89%
Intrum Justitia	Svíþjóð	SEK	55,25	8,389	4,13%
Low & Bonar	Bretland	Pund	1,07	114,02	0,36%
NWF	Bretland	Pund	4,605	114,02	-1,94%
Sampo	Finnland	EUR	12,35	78,69	-0,64%
Scribona	Svíþjóð	SEK	14,1	8,389	0,34%
Skandia	Svíþjóð	SEK	43,2	8,389	2,24%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 18. júlí 2005

Hagnaður IBM minnkar

Miklar breytingar standa yfir hjá IBM sem hefur selt tölvuframleiðslu sína.

Hagnaður bandaríska tölvurísans IBM var ellefu prósentum minni á öðrum ársfjórðungi en þeim fyrsta. Hagnaður fyrirtækisins var á fjórðungi um 115 milljarðar króna. Sala hjá IBM minnkaði um rúm fimm prósent og er það í fyrsta skipti í þrjú ár sem sala minnkar milli fjórðunga.

IBM seldi nýlega tölvuframleiðslu sína til kínverska framleiðandans



HÖFUÐSTÖÐVAR IBM Í CHICAGO Hagnaður IBM minnkaði milli ársfjórðunga í fyrsta skipti í þrjú ár. Fyrirtækið hefur selt tölvuframleiðslu sína til Kína.

Lenovo og einbeittir fyrirtækið sér nú að ráðgjafastörfum og þróun hugbúnaðar. Þrettán þúsund manns var sagt upp störfum hjá IBM í kjölfarið.

„Breytingar taka tíma hjá svona stórfyrirtækjum. Þetta verður til góðs þegar litið er til lengri tíma,“ sagði Sunil Reddy einn hluthafi í IBM.

Hlutabréf í IBM hafa fallið í verði um sextán prósent það sem af er ári. -jsk

Gróðinn liggur í galdrinum

Saga Harry Potter vörumerkisins er sannkallað ævintýri. Tíu milljónir eintaka seldust af nýju bókinni á útgáfudaginn og er J.K. Rowling ríkasta kona Bretlandseyja.

Jón skaftason
skrifar

Nýjasta Harry Potter bókinn, Harry Potter and the Half Blood Prince, fór á sölu víðs vegar um heiminn eina mínútu yfir miðnætti síðasta laugardag. Alls seldust rúmlega tíu milljónir eintaka fyrsta daginn.


Fyrsta bókinn um galdramanninn unga kom út árið 1997 og er óhætt að segja að Harry og félagar hafi ekki litið um öxl síðan. Nýja bókinn er sú sjötta í röðinni og hafa þær samtals selst í 265 eintökum í 200 löndum og verið gefnar út á 62 tungumálum.

Höfundur bókanna J.K. Rowling, er nú ríkasta kona Bretlands og metur bandaríska viðskiptatímaritið Forbes auðæfi hennar á rúma 65 milljarða króna.

Mikil leynd hvíldi yfir söguþræði bókanna og gerðu útgefendurnir, Bloomsbury, allt sem í þeirra valdi stóð til að koma í veg fyrir að fólk kæmist yfir eintök af bókinni áður en hún kæmi í búið.

Einhverjum tókst þó að nýta sér glöppur í öryggisnetinu; til að mynda seldi bókabúð í Kanada óvart fjórtán eintök af bókinni eftir að hafa misskilið fyrirmæli um hvenær setja mætti bókina í hillur.

Harry Potter er þó ekki bara söguhetja í barnabók heldur al-



J.K. ROWLING MEÐ EINTAK AF NÝJU HARRY POTTER BÓKINI

Bókinn er sú sjötta í röðinni og hafa þær selst í 265 milljónum eintaka í 200 löndum og verið þýddar á 62 tungumál. Óttarr Proppé segir galdurinn fyrst og fremst felast í góðri sögu.

þjóðlegt vörumerki sem höfðar til fólks af öllum aldurshópum. Þrjár kvikmyndir hafa verið gerðar eftir bókunum og kemur sú fjórða út síðar á þessu ári. Þá eru til Harry Potter leikföng, fatalína og raunar allt sem mönnum kynni að detta í hug.

Óttarr Proppé, verslunarstjóri Máls og menningar, telur lykilinn að velgengi bókanna liggja í góðri sögu: „Þetta eru náttúrulega fyrst og fremst skemmtilegar bækur. Síðan hefur útgefand-

anum tekist ótrúlega vel upp að halda eftirvæntingunni í kringum bókina. Þeir hafa spilað úr þeirri dulúð sem umlykur Harry Potter.“

Óttarr segir nýju bókina hafa selst vel hér á landi: „Það voru um tvö þúsund bækur í fyrstu sendingunni og þær eru flestar seldar, svo er von á þúsund eintökum í viðbót í vikunni. Ég held það hafi selst um tvö þúsund eintök af síðustu bók, þannig áhuginn eykst ef eitthvað er.“



VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrifur alla sem henni kynnast. Slík afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

Lifðu heilbrigðu lífi

Skoðu lifið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórhlóðadrifrið er sjálfvirk og eitt hið fullkomnasta sem til er. Hönnuðir Volvo fundu snilldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og aksturseginnleikum. Veldu Volvo.

Þar sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniuppföringum: nýja stöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC veltivörninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC sireiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsínan í

pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefðu þér tíma og skoðuðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lykum og öðrum snertiflötum og eru laus við ónæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.



Volvo XC90 AWD bensín.
Verð frá 5.690.000 kr.*
Volvo XC90 AWD dísil.
Verð 5.890.000 kr.*

Milljarðamæringar í fótbolta

Knattspyrnumenn fá svimandi háar tekjur. Efstur á lista Forbes er metróm-aðurinn David Beckham.

Nú stýttist í að knattspyrnuvertíðin hefjist að nýju á meginlandi Evrópu. Liðin eru í óðaönn að styrkja sig fyrir komandi leiktíð og víla ekki fyrir sér að borga svimandi upphæðir fyrir leikmenn í fremstu röð.

Leikmenn spila heldur ekki einungis ánægjunnar vegna og eru fæstir á sultarlaunum. Hér fylgir listi Forbes viðskiptatímarsins um tekjuhæstu leikmenn heims.

Athygli vekur að fimm efstu spila á Spáni og þar af fjórir með Real Madrid. Aðeins einn á topp tíu listanum spilar á Englandi, Thierry Henry hjá Arsenal. Þá kemst enginn leikmaður Chelsea á listann, en þeir hafa verið duglegir að sanka að sér leikmönnum undanfarin ár.

Þess ber þó að geta að hér er ekki einungis verið að tala um launagreiðslur, heldur heildartekjur. David Beckham, sem er langefstur á listanum, hefur til að mynda stærstan hluta tekna sinna af aug-

lýsingasamningum við stórfyrirtæki á borð við Adidas og Pepsi. -jsk



EIGA FYRIR SALTÍ ÚT Á GRAUTINN Beckham og Ronaldinho eru báðir á lista Forbes yfir tekjuhæstu knattspyrnumenn veraldar.

LISTI FORBES YFIR ÁRSTEKJUR KNATTSPYRNUMANNA:

1. David Beckham (ENG), Real Madrid	2.100
2. Zinedine Zidane (FRA), Real Madrid	1.300
3. Ronaldo (BRA), Real Madrid	1.170
4. Raúl Gonzalez Blanco (SPÁ), Real Madrid	780
5. Ronaldinho (BRA), Barcelona	780
6. Oliver Kahn (PÝS), Bayern Munchen	750
7. Michael Owen (ENG), Real Madrid	715
8. Alessandro Del Piero (ÍTA), Juventus	650
9. Christian Vieri (ÍTA), AC Milan	585
10. Thierry Henry (FRA), Arsenal	520

*Upphæðir í milljónum króna

SÖGUHORNID



BERNARD EBBERS Í RÉTTARSAL Þrjú ár eru síðan WorldCom var lýst gjaldþrota. Bernard Ebbers stjórnarformaður var nýlega dæmdur í 25 ára fangelsi fyrir sinn þátt í málinu.

WorldCom gjaldþrota

Bandaríska fjarskiptafyrirtækið WorldCom lýsti sig gjaldþrota 21. júlí árið 2002. 20 þúsund manns misstu vinnuna og hluthafar í félaginu töpuðu 11.700 milljörðum króna við gjaldþrotið. Er gjaldþrot fyrirtækisins hið stærsta í sögunni.

WorldCom var reist á grunni Long Distance Discount Services símafyrirtækisins (LDDS) sem stofnað var í Mississippifylki í Bandaríkjunum. Bernard Ebbers varð stjórnarformaður þess árið 1985 og fjórum árum seinna sameinaðist LDDS öðru fjarskiptafyrirtæki, Advantage, og var í kjölfarið skráð á hlutabréfamarkað.

Árið 1995 var nafni fyrirtækisins breytt í WorldCom. WorldCom sótti hratt í sig veðrið og var um tíma næststærsta fjarskiptafyrirtæki Banda-

ríkjanna. Rétt fyrir aldamótin 2000 ruku bréf í félaginu upp úr öllu valdi, Ebbers stjórnarformanni var hampað sem viðskiptasnillingi og kallaði Clinton forseti hann; „fyrirmynd annarra Bandaríkjamanna“.

Fljótlega kom þó í ljós að ekki var allt með felldu hjá WorldCom. Skattayfirvöld komust að því að háum fjárhæðum hafði verið skotið undan og hófst umfangsmikil rannsókn á fyrirtækinu sem leiddi í ljós gríðarleg bókhalds- og skattsvik.

WorldCom lýsti sig í kjölfarið gjaldþrota og voru sex yfirmenn fyrirtækisins ákærðir.

Réttarhöld standa nú yfir og var Bernard Ebbers nýlega dæmdur í 25 ára fangelsi og gert að greiða hluthöfum í WorldCom háar skaðabætur. -jsk



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á



HÖFUÐSTÖÐVAR DECODE Þrátt fyrir að félagið sé skráð í Bandaríkjunum hafa höfuðstöðvar þess verið hér á landi.

deCODE fimm ára

Fimm ár eru liðin frá skráningu deCODE, fyrsta og til þessa eina íslenska fyrirtækisins sem hefur verið skráð á bandarískan hlutabréfamarkað. Gengi félagsins hefur langt í frá staðið undir væntingum íslenskra fjárfesta en mikið æði og óbilandi bjartsýni ríkti áður en félagið var skráð. *Eggert Þór Aðalsteinsson og Dögg Hjaltalín* skoða sögu félagsins og hvar það er stítt í dag.

Um þessar mundir fagnar deCODE genetics fimm ára skráningararfæli sínu á Nasdaq-markaðnum. Félagið varð þar með fyrsta íslenska fyrirtækið sem fékk skráningu á erlend-an hlutabréfamarkað. Saga fyrirtækisins undanfarnin ár hefur verið þyrnum stráð. DeCODE lenti strax í mikilli niðursveiflu sem náði til alls fjármálamarkaðarins á Vesturlöndum en bitnaði hvað harðast á líftækni- og hátækniyfirtækjum sem enn voru að þróa sínar afurðir og hugmyndir. Því hefur þó tekist að sigla í gegnum öldusjú, landað mörgum samningum og virðist vera á góðu flugi þessa dagana.

Fyrirtækið var skráð 19. júlí árið 2000 að loknu tæplega 200 milljón dala útbóði sem þá jafngildi sautján milljörðum króna. Daginn fyrir útbóðið hafði Morgan Stanley Dean Witter, fjárfestingarbankinn sem sá um útbóðið, stækkað það um fimmtung. Útbóðsgengið var 18 dalir á hvern hlut og nam markaðsvirði deCODE þá um 61 milljarði króna á þáverandi gengi. Útbóðið tókst glimrandi vel og var eftirspurn 23-falt meiri en það sem í boði var. Góðu tímarnir dugðu heldur skammt.

MIKLAR SVEIFLUR

Á fyrstu dögum eftir að viðskipti hófust hækkaði gengi félagsins hratt og fór hæst yfir 30 dali á hlut. Þá var markaðsvirði félagsins orðið 90 milljarðar króna. Gengið hélst lengi vel á bilinu 25- 28 dalir á hlut eða fram á haust. Skellurinn kom seinni part árs en á tveggja mánaða tímabili, frá nóvember til loka árs, lækkaði gengi deCODE um helming, úr 20 dölum á hlut í tíu.

Á árinu 2001 sveiflaðist verðið frá sjö dölum til tíu en árið eftir tók það stóra dýfu. Þegar líða tók á árið fór verðið jafnt og þétt lakkandi. Lægsta lokagengi deCODE var 1,66 dalir á hlut 20. september árið 2002. Hafði þá verðmæti þess lækkað um 90 prósent frá skráningunni á Nasdaq í júlí árið 2000.

Árið 2003 var sérlega hagstætt fyrir hluthafa fyrirtækisins. Félagið hækkaði um 350 prósent frá byrjun árs til ársloka. Síðasta eina og hálf árið hefur verðið verið sveiflast eins og oft áður frá genginu fimm til tíu. Frá áramótum er hækkin 22 prósent en sá sem keypti hlut í deCODE í byrjun apríl hefur náð um 70 prósent ávöxtun. Markaðsvirði deCODE stendur nú í 34 milljörðum króna sem er svipað og verðmæti FL Group þar sem Hannes Smáráson, fyrrum aðstoðarforstjóri deCODE, ræður ríkjum. Fjárfestar þurfa því að vera kjarkaðir til þess að ráðast í fjárfestingu í deCODE, enda um áhættufjárfestinu að ræða. Bréfin hækka og lækka hratt.

AFMÆLINU FAGNAÐ

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, opnar Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í New York á miðvikudaginn. Tílefnið er að fimm ár eru liðin frá því að deCODE genetics var skráð á hlutabréfamarkað þar vestra. Ekki ber Kári í bjöllu eins og margir hafa séð þegar viðskipti hefjast með félag í kauphöllinni í New York heldur yfir hann á takka. Er það videigandi þar sem um er að ræða tæknifyrirtæki á Nasdaq. Að því loknu skrifar hann nafn sitt á rafrænt eyðublað. Áður en þetta gerist heldur

Kári stutta tölu og að athöfninni lokinni verður myndskild um fyrirtækið sýnt nokkrum sinnum á risaskjá á turni Nasdaq við Time Square það sem eftir lifir dagsins. Skógafoss verður þar í aðalhlutverki og lögð áhersla á yfirvegaða framsýnir fyrirtækisins, sem er nokkuð úr takti við öll blikkandi auglýsingaspjöldin í kring. Verður athöfnin send um allan heim í gegnum gervihnött og á vefsvæðinu nasdaq.com.

BREYTT ÁSÝND

Starfsemi deCODE hefur tekið miklum stakka-skiptum og má segja að í dag sé félagið að miklum hluta í lyfjaprófunum á ýmsum sviðum. Lítið hefur farið fyrir hinum víðfræga gagnagrunni og þeim rannsóknunum sem honum áttu að fylgja.

Í stuttu máli felst starfsemi deCODE í að nota niðurstöður erfðarannsókna til að þróa og koma á markað nýjum lyfjum við algengum sjúkdómum. Vísindamenn fyrirtækisins hafa einangrað fjölda erfðavisa sem eiga þátt í mörgum stærstu heilbrigðisvandamálum hins iðnvædda heims, allt frá hjarta- og æðasjúkdómum að krabbameini. Þekking á þessum erfðavísunum hefur leitt af sér skilgreiningu lyfjamarka sem tengjast líffræðilegum orsökum fjölmargra algengra sjúkdóma. Vísindamenn fyrirtækisins vinna nú að lyfjaprófunum í sjö verkefnum og erfðarannsóknum á um fimmtíu sjúkdómum.

DECODE HÆKKAR MIKIÐ

DeCODE hefur hækkað um hátt í 40 prósent frá áramótum en þá var gengið rúmlega sjö. Á undanförunum þremur mánuðum hefur þó gengið hækkað um rúmlega 70 prósent og eru nokkrar ástæður fyrir því. Bæði sagði fyrirtækið frá jákvæðum fréttum í lyfjarannsóknum en einnig kom jákvætt verðmat út á fyrirtækinu.

Fjármálafyrirtækið Piper Jaffray gaf út nýtt verðmat á deCODE genetics í lok júní og segir félagið vera 764 milljóna Bandaríkjadala virði. Miða greiningaraðilar þá við að gengi félagsins eigi að vera 14 dalir.

Gengi deCODE er tæpir 10 Bandaríkjadalar á hlut. Það jafngildir að markaðsvirði deCODE sé um 542 milljónir Bandaríkjadala eða 35 milljarðar íslenskra króna. Er það verð um 40 prósentum lægra en verðmiðinn sem starfsmenn Piper Jaffrey setja á deCODE. Hefur félagið hækkað verulega frá byrjun apríl síðastliðins þegar gengi þess var 5,5 dalir á hlut.

Í verðmatinu segir að deCODE haldi áfram að vera einn af bestu fjárfestingarkostunum að mati fyrirtækisins. Sagt er frá helstu verkefnum sem eru framundan en tekið fram að fjárfesting í lyfjafyrirtæki feli alltaf í sér áhættu og fyrirætlanir geti brugðist.

Eins og áður var getið hefur sagan undanfarnin fimm ár ekki verið dans á rósum. Mikill taprekstur hefur einkennt öll rekstrarár deCODE og hefur – ef eitthvað er – aukist síðustu misserin. Stjórnendur félagsins hafa þó oftast verið bjartsýnir og stæra sig ávallt af áföngum, sem og áfangagreiðslum með reglulegu millibili.

Á síðasta ári nam tapið 57,3 milljónum Bandaríkjadala eða um 3,5 milljörðum króna samanborið við 35 milljarða dala tap árið áður. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam tapið tæpum einum milljarði króna sem var umfram áætlanir stjórnenda. Tekjur voru einnig undir markmiðum.


Gengi félagsins ræðst þó líklega meira af sveiflum á gengi líftækniyfirtækja almennt en eigin rekstraráföngum. Einnig hafa jákvæðar fréttir borist frá fyrirtækinu af ýmiss konar byltingum á sviði læknisrannsókna sem vege upp á móti sífelldum taprekstri.

Stærstu hluthafar í deCODE

Price Associates	12,0%
Kári Stefánsson	5,1%
Barclays Bank Plc.	4,1%
Eagle Asset Management, Inc.	1,8%
Citadel Limited Partnership	1,6%
Hambrecht & Puist Capital Management, Inc.	1,5%
H&Q Healthcare Investors	1,5%
Price Internation Discovery Fund	1,4%
U.S. Bancorp	1,3%
Price Small-Cap Value Fund	1,3%
Munder	1,3%
Merrill Lynch Global Smallcap Fund	1,3%
First American Small Cap	1,3%
Ishares Nasdaq Biotechnology Index Fund	1,2%
Axa	1,1%

*Heimild:Yahoo

GENGISPRÓUN DECODE



GETUR ÞÚ VALIÐ?



Áskrifendur Stöðvar 2 hafa aldrei verið fleiri
og þetta er þeirra val:

10 vinsælustu þættirnir

Áskrifendur undir 50 ára*

1		Það var lagið	55,52 %
2		Twenty-four	43,19 %
3		Medium	37,85 %
4		Aðþrengdar eiginkonur	33,93 %
5		Strákarnir (meðaltal)	35,81 %
6		Landsleikur í fótbolta, Ísland-Malta	32,24 %
7		Kevin Hill	31,50 %
8		Joey	30,61 %
9		Fear Factor	30,32 %
10		The Apprentice	30,02 %

*Gallup könnun 4.-10. júní 2005



Tvær helstu meginástæður hækkunar á fasteignaverði eru aukid framboð á lán- um til fast- eignakaupa og lægri vöxtum. Lægri vextir samhliða lengri lánstíma þýða lægri greiðslubyrði.



FASTEIGNAVERÐ Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU HEFUR ROKIÐ UPP Verðið er ekki nálægt fasteignaverði í helstu stórborgum Evrópu þrátt fyrir að Reykvingar telji sig stórborgara. Bankarnir mánuði. Nokkuð virðist hafa dregið úr fjölda kaupsamninga að undanförmu.

Eðlilegt verð á húsunum í t

Fasteignaverð hefur rokið upp úr öllu valdi á síðastu 12 mánuðum en flestir spá því að nú fari að hægja á telja verðbólgu ekki fyrir hendi en hún þýddi að lækkanir væru óhjákvæmilegar. Dögg Hjaltalín kynnti sér a og spáir rólegri tímum framundan en án verulegra lækkana.

Hækkunir á fasteignamarkaði á síðasta ári hafa orðið til þess að fólk veltir því sífellt fyrir sér hvenær hækkunirnar verði afstaðnar. Sumir spá lækkunum, aðrir að fasteignaverð standi í stað og enn aðrir frekari hækkunum. Mjög fá haldbær rök eru þó fyrir spádómum fólks sem og fasteignasala um verðþróun. Fasteignasalar hafa verið helstu álitsgjafar um verð á fasteignamarkaði, sem og greiningardeildir bankanna. Í þessari grein verður frekar gengið út frá spádómum

bankanna um þróunina heldur en almennri tilfinningu fasteignasala.


Spurningin er sú hvort fasteignaverð lækki? Það hækkar vissulega ekki um 40 prósent á næsta ári eins og á því síðasta. En hvort það staðni, lækki eða haldi áfram að hækka bara hægar á eftir að koma í ljós. Hvað er líklegast?

En til að auðvelda fólki að spá fram í tím- ann þarf fyrst að líta um öxl. Hvaða ástæður liggja á bak við hækkun fasteignaverðs og

koma þær til með að haldast óbreyttar?

Tvær meginástæður hækkunar á fasteignaverði eru aukid framboð á lánum til fasteignakaupa og lægri vextir á fasteignalánnum. Lægri vextir samhliða lengri lánstíma þýða lægri greiðslubyrði sem eykur kaup- getu fólks. Lægri greiðslubyrði þýðir einnig að fólk treystir sér til að ráðast í kaup á dýr- ari eignum. Dýrari eignir verða því auð- seldari og verðið rýkur upp.

Einnig ber að taka fram að umfjöllunin



Enn frekar ódýrt húsnæði á Íslandi

Fasteignaverð hækkaði hvað mest þar sem það var lágt með tilliti til landsframleiðslu.

Fasteignaverð í Reykjavík er ekki óeðlilegt hátt að mati greiningardeildar KB banka ef miðað er við fasteignaverð í höfuðborgum annarra borga Evrópu. KB banki tók saman fasteignaverð í helstu höfuðborgum Evrópu vegna þess að fasteignamarkaðurinn og verðlagning hans hefur mikið verið til umræðu að undanförmu, bæði hér á landi og erlendis. Töluvert hafi veirð rætt um það í erlendum fjölmiðlum að verðbólga hafi myndast á fasteignamarkaði.

Hér til hliðar sést verð á fermeter leið- rétt fyrir landsframleiðslu í nokkrum höf-

uðborgum Evrópu. Fasteignaverð í Austur- Evrópu er hlutfallslega dýrara ef tekið er

tillit til tekna. Fasteignaverð virðist hafa hækkað hvað mest á síðasta ári í höfuðborg- um þeirra landa þar sem fasteignaverð er fremur lágt með tilliti til landsframleiðslu. Fasteignaverð í borgum eins og Ríga í Lettlandi, Vilínus í Tyrklandi og Búkarest í Rúm- eníu hækkaði þannig hvað mest á síðasta ári en allar þessar borgir eru neðarlega á

lista yfir fasteignaverð leiðrétt fyrir landsframleiðslu.



á áframhaldandi hækkunum en þó ekkert í líkingu við síðastu 12

þróun fasteignaverðs út frá efnahagslegum forsendum á borð við áhrif aukins lánaframboðs og aukio framboð húsnæðis.

Greiningardeild Íslandsbanka spáði því í lok maí að draga myndi úr verðhækkunum á næstunni. Íslandsbanki gerir ráð fyrir 15 prósentu hækkun fram á næsta ár en stöðnun árið 2007. Verð fer þá yfir 200 þúsund krónur á hvern fermeter.

Í lok maí spáði greiningardeild Landsbankans um 10 prósentu hækkun á fasteignaverði það sem eftir lifði árs en minna en fimm prósentu hækkun á næsta ári. Landsbankinn segir einnig að þrátt fyrir mikið framboð nýbygginga sé ekki von á verðlækkunum heldur að núverandi fasteignaverð fái staðist til lengdar og finni nýtt jafnvægi veturinn 2006.

Greiningardeild KB banka bendir á að ekki sé óeðlilegt að fasteignaverð hér á landi nálgist það sem gerist annars staðar. Rökin fyrir því eru að ekki sé nema ár liðið frá því að fasteignalánmarkaðurinn hafi verið nútímavæddur og fjármagnsskömmun hætt. Þar að auki séu erlendir aðilar nú orðnir virkir þátttakendur á innlendum skuldaþréfamarkaði og vaxtaþróun hér því farin að fylgja heimsmarkaði.

ÁHRIF HÆKKANA OG LÆKKANA

Snjólfur Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, skrifaði grein í Morgunblaðið þar sem hann sagði að innan fárra ára félli verð á mörgum fasteignum verulega. Þessi grein gaf þeim sem beðið hafa eftir merkjum um samdrátt á fasteignamarkaði byr undir báða vængi. Rök Snjólfss voru að álagning á nýbyggingar lækki vegna minni eftirspurnar og lægra lóðaverðs. Hann tekur þó fram í grein sinni að stórir flokkar fasteigna falli í verði en líklegt sé að einhverjir flokkar fasteigna, til dæmis á góðum lóðum á góðum stað lækki ekki í verði.

Lækkandi fasteignaverð bitnar harðast á þeim sem tekið hafa 100 prósent lán fyrir fasteignum sínum. Eignir verða því lægri en skuldir og bilið getur aukist hratt ef verðbólga er mikil. Fólk í þeirri aðstöðu getur því selt íbúðina á lægra verði en lánin sem hvíla á henni eða halda áfram að borga af lánunum.

Landsbankinn hætti að bjóða 100 prósentu lán til íbúðakaupa en hinir bankarnir fylgdu ekki í kjölfarið. Flestir eru sammála um að mikil áhætta fylgi 100 prósentu lánunum en samkvæmt heimildum Markaðarins hafa bankarnir veitt mjög fáum 100 prósentu lán.

Hátt fasteignaverð kemur þeim til góða sem eiga fasteign en bitnar á þeim sem ekki eiga. Háa verðið hefur því mest bitnað á þeim sem eru að hugsa um að kaupa sína fyrstu íbúð. Sérstaklega í ljósi þess að fasteignalán miðast við brunabótamat en það er oft á tíðum mun lægra en markaðsvirðið.

Velta á fasteignamarkaði hefur minnkað og einnig hefur kaupsamningum fækkað og bendir því ótvírætt til þess að nokkur ró sé að komast yfir markaðinn. Íbúðir eru lengur í sölu en áður enda blöskrar mörgum himinhátt fasteignaverðið.

Í kjölfar innreiðar bankanna á fasteignalánamarkaðinn buðust nýir valkostir, það er að endurfjármagna eldri lán sem hvíla á íbúðinni. Margir nýttu þann kost að endurfjármagna íbúð sína og borguðu upp önnur lán en einungis þau sem hvíldu á íbúðinni. Eitthvað hefur verið um að fólk endurtaki endurfjármögnunina til að eiga fyrir daglegri neyslu. Þeir sem fjármagna neyslu sína með hækk-

andi íbúðaverði eru ekki vel staddir ef fasteignaverð fer að lækka en ekki er hægt að stjórna hegðun fullorðins fólks.

TEIKN Á LOFTI

EKKI er hægt að áætla að fasteignaverð sé að lækka út frá verði á einstökum fasteignaauglýsingum sem sýna lækkun vegna þess að upphaflega hefur húsnæðið líklega verið of hátt verðlagt. Græðgi kemur upp í fólki sem vill fá himinháar upphæðir fyrir fasteignir sínar og hefur ráð á að bíða eftir rétta kaupandanum.

Að undanfögnu hefur hægt nokkuð á eftirspurn eftir fasteignum en líklega má kenna sumarfríum um að hluta til. Tölur frá Fasteignamatí ríkisins fyrir apríl, maí og júní sýna að þinglýstum kaupsamningum hefur lítilllega fækkað en meðal upphæð hvers samnings hefur hækkað. Tölurnar eru líklega vísbending um hvað koma skal. Minni eftirspurn og hægari hækkun fasteignaverðs.

Framboð á nýju húsnæði hefur áhrif á fasteignaverð. Það sem ræður mestu um framboð á nýju húsnæði er verðið á því en fasteignaverðshækkunarir að undanfögnu hafa fjölgað íbúðum í byggingu. Greiningardeild Landsbankans segir að til lengri tíma ráði framboð á nýju húsnæði þróun fasteignaverðs.

Síðustu ár hefur fasteignaverð hækkað töluvert meira en byggingakostnaður. Samkvæmt útreikningum greiningardeildar Landsbankans er hlutfall fasteignaverðs og byggingarkostnaðar 33 prósentum yfir meðaltali síður 15 ára. Ef ekki er tekið tillit til lóðaverðs þá er fasteignaverð 54 prósentum yfir meðaltali síðustu 15 ára.

HVAÐ GERIST

Tímabilið frá október og út mars einkenndist af miklum hækkunum og spenningsi á fasteignamarkaði. Á þessum tíma stoppuðu eignir stutt við, allt var keypt sem var í boði og slegist um fasteignir á eftirsóttum svæðum. Algengt var að nokkur tilboð kæmu í einu og sömu eignina og hún færi á herra verði en matsverði fasteignasala. Jafnframt hækkaði verð oft um nokkrar milljónir á ákveðnum eignum á fáum vikum. Fasteignasölur spruttu upp eins og gorkúlur en þessir tímar eru liðnir.

Í úttekt Markaðarins í maí á fasteignamarkaðinum var spáð rólegri tímum framundan og raunin hefur orðið sú ef marka má tölur frá Fasteignamatí ríkisins. Því var haldið fram að ákveðið jafnvægi hafi myndast og reynsla síðustu mánaða sýnir það. Auðvitað hafa sumarfrí sett strik í reikninginn en fasteignasalar eru sammála um að hægt hafi á fasteignamarkaðinum.

En það eru ekki bara spekulantar á fasteignamarkaði sem hafa hagnast vel, allir íbúðaeigendur njóta auðvitað góðs af hækkunum.

Fasteignaverð kemur ekki til með að lækka neitt í takt við undanfarnar hækkunarir vegna þess að fólk heldur frekar að sér höndunum ef verðið fer að lækka. Framboðið verður því minna og færri viðskipti verða.

ÝMISLEGT DREGUR ÚR VERÐHÆKKUN Á NÆSTUNNI AÐ MATI GREININGARDEILDAR ÍSLANDSBANKA:

- Áhrif aukins lánaframboðs fjara út
- Áhrif lækkunar langtíma-vaxta fjara út
- Væntingar um að verð staðni og hugsanlega lækki
- Dregur úr hækkun launa þegar líða tekur á næsta ár
- Væntingar um gengislækkun krónunnar og aukna verðbólgu
- Minni hækkunarir eignaverðs
- Mikið og vaxandi framboð nýbygginga


ænum

ækkunum. Sérfræðingar ístæður á fasteignamarkaði

snýst um fasteignir á höfuðborgarsvæðinu þar sem markaðurinn er mjög virkur. Á landsbyggðinni er fasteignamarkaðurinn misjafn eftir stöðum. Íbúðarhúsnæði hefur bæði lækkað og hækkað á landsbyggðinni að undanfögnu. Atvinnuhorfur fólks á svæðinu ræður þar mestu og fólksfjölgun í takt við þær.

SPÁR BANKANNA

Greiningardeildir bankanna spá fyrir um



Engin verðbólga sem springur

Vegna mikillar hækkunar fasteignaverðs að undanfögnu hafa verið uppi vangaveltur um hvort að um verðbólgu væri að ræða. Bankarnir eru sammála um að ekki sé um verðbólgu að ræða. En ef fasteignaverð heldur áfram að hækka jafnhvort og áður gæti verðbólga myndast. Greiningardeild Landsbankans segir mikla kaupgetu almennings um þessar mundir auka mjög hættuna á að þetta gerist. Stóraukið framboð nýrra íbúða kallar þá fram verðlækkun fyrir en síðar.

Greiningardeild Íslandsbanka segir að verðþróunin undanfarið sé í takti við breytingar í efnahagsstærðum. Þegar um verðbólgu sé að ræða er verðþróunin úr takti við það sem efnahagsforsendur gefi til kynna.

Verðbólga hefur myndast þegar verð fæst ekki staðist til lengdar sem leiða til



MARGIR VILJA BÚA MIÐSVÆÐIS Margir telja að fasteignaverð haldi áfram að hækka í miðbænum.

verðlækkana, fyrir eða síðar. Ef fasteignaverðbólga springur geta afleiðingarnar verið afdrifaríkar. Ef fasteignaverðbólga springur leiðir það til samdráttar í einkaneyslu sem dregur úr hagvexti. Hér á landi er búist við svipuðum áhrif vegna þess hversu stór hluti eigna Íslendingar er bundinn í fasteignum.

AURASÁLIN

Íslenska leiðin

Sú staðreynd að útlendingar kunni ekki að reka fyrirtæki ætti ekki að koma neinum sem fylgist með íslenska markaðnum á óvart. Útlendingum skortir nefnilega flest, ef ekki allt það, sem ein-kennir hinn djærfa og hugumstóra íslenska offjáfesti.

Mikilvægur eiginleiki góðs offjáfests er að vera stöðugt vakandi fyrir nýjum tækifærum og grípa þau öll. Með því að eignast allan heiminn hlýtur að vera hægt að græða, eða að minnsta kosti vera á núlli. Heimurinn allur getur nefnilega ekki verið allur í tapi því þá væru náttúrlega allir löngu farnir á hausinn. Í þessum sannindum, sem engir aðrir en Íslendingar virðast skilja, felst svarið við því af hverju það sé mikilvægt að Íslendingar haldi áfram að kaupa sem mest í útlöndum og eigi sem mest í heiminum.

Aurasálin hefur oft komið til útlanda og hefur aldrei verið sérstaklega hrifin af neinu þar nema veðrinu. Í útlöndum eru konurnar ófríðar, karlmennirnir aumir, vatnið og loftið mengað, spilling og glæpir við hvert fótímal, símanúmer eru fánáleg lang, grænmetið er ekki íslenskt og það er alltof heitt. Þess vegna telur Aurasálin að lausnarorðin séu yfirtaka, strandhögg, útrás og samlegðaráhrif. Íslenska leiðin er það sem koma skal.

Eins og flestir vita þá eru Íslendingar þekktir um víða veröld fyrir hæfileika sína á sviði banka- og viðskipta, lyfjaframleiðslu, fjarskiptarekstrar og smásöluverslunar. Það er á traustum grunni sem viðskiptaveldi Íslendinga er reist. Hér á landi hafa kynslóðir á kynslóðir ofan stundað þessar iðngreinar með miklum árangri og því njóta hinir íslensku offjáfestar svo mikils trausts á erlendri grund.

En það er fleira sem kemur til. Íslenskir kauphöndnar kunna þá list betur en flestir aðrir að koma alltaf út yfir væntingum – eins og það er kallað. Á Íslandi eru miklar væntingar gerðar til framtíðarinnar en á einhvern óskiljanlegan hátt tekst offjáfestunum sífellt að koma á óvart og skila uppgjörum sem er langt yfir væntingum. Þetta gerist á sama tíma og útlendingar skila svo lélegum uppgjörum í sínum fyrirtækjum að þau eru ekki bara fyrir neðan væntingar – heldur eru þau á barmi órvæntingar.

En á leiðangri okkar Íslendinga er vert að hafa hugfast að dramb er falli næst og allt sem fer upp kemur niður og ef maður er staddur ofan í holu þá á maður að hætta að grafa. Íslendingar verða að koma fram við útlendingana sem þeir kaupa af virðingu og miskunn. Við verðum að fyrirgefa þeim útlendingum sem ekki kunna að reka fyrirtæki sín. Þeir vita ekki hvað þeir gjöra.

Fjörutíu ár í fjölmiðlum

„Þessir menn eru bara í business,“ segir **Ingvi Hrafn Jónsson** og deilir ekki áhyggjum með þeim sem hræðast samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum og í viðskiptalífínu. Á milli þess sem hann setur daglegt Hrafnþing á Talstöðinni er í nógu að snúast í kringum veiðimenn í Langá og við sölu á frístundalóðum í nágrenninu. Hann fann þó tíma til þess að skjótast í hádegisverð með **Björgvini Guðmundssyni** í Borgarnesi.

„Ég sá á leiðinni hingað að veiðimennirnir hjá mér voru með lax,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson ánægður um leið og hann kemur sér fyrir á kaffihúsi Geirabakarís, sem staðsett er í nýjum verslunarkjarna við Borgarnesbrúna. Margir gestir sem eiga leið um heilsa honum kumpánlega og hvísla að honum nokkrum orðum. Það er greinilegt að Ingva Hrafnni líður vel í nágrenni Borgarness. Hann hefur ásamt konu sinni, Ragnheiði Söru Hafsteinsdóttur, byggt upp eina bestu laxveiðiá landsins og dvelur við bakka Langár sleitulaust fjóra mánuði á ári. Þaðan berast frægu einræður hans á Talstöðinni þegar Hrafnþing er sett eftir hádegi alla virka daga. Þess á milli hefur hann verið að skipuleggja og selja frístundalóðir í landi Stangarholts.

GIFTIST TIL LAX

„Ég giftist til lax,“ útskýrir Ingvi Hrafn. „Tengdafaðir minn heitinn, Hafsteinn Sigurðsson, átti Stangarholt með bróður sínum Reyni. Það er 31 ár síðan ég kom hingað fyrst. Við hjónin erum sjálf búin að vera með Langána á leigu frá árinu 1978. Í byrjun voru við aðeins með miðsvæðið og fjórar stangir. Árið 1997 var áin boðin út í heilu lagi og ákveðið að byggja veiðihús. Síðan höfum við verið með ána alla á leigu.“

Hann talar af sannfærandi áhuga um allt sem viðkemur laxveiðinni. Segir frá því hvernig stangirnar seldust ekki í upphafi á besta tíma og þau hjónin tóku til þess bragðs að bjóða vel völdu fólki í ána til að draga lax á landi. Mikið hafi breyst og nú sé langstærsti hlutinn seldur í áskrift. Sömu hollin og sömu mennirnir komi ár eftir ár. Margir af þeim séu vel stæðir Bretar sem beri sig öðruvísi að en Íslendingar. Allt sé orðið mun fágæðra í kringum veiðina. Sportið sé orðið dýrara og allur aðbúnaður fyrsta flokks í Langárbyrgi, veiðihúsinu sem stendur við ána.

ÞRJÁTÍU ÁR VIÐ LANGÁ

„Fyrsta laxinn minn veiddi ég fyrir fjörutíu árum í Laxá í Aðaldal. Ég og Orri Vigfússon byrjuðum að veiða þar saman og fórum nú í byrjun júlí fertugasta árið okkar þangað norður. En pabbi minn byrjaði í Laxárfélaginu árið 1947,“ segir Ingvi Hrafn. Hann ætlar að taka ákvörðun árið 2008 hvort hann standi í þessu lengur, þá á 66. aldursári. Á þeim tíma-mótum verði þau hjónin búin að vera nákvæmlega þrjátíu ár við Langána. Ef til vill vilji synir þeirra taka við en það eigi allt saman eftir að koma í ljós. Þau eigi hús við árbakkann sem nýtist þeim áfram. Hann sleppir því ekki takinu af ánni svo lengi sem hann lifir og upplýsti nýlega að hann vildi láta dreifa ösku sinni í ána eftir sinn dag.

Þegar dvöl þeirra hjóna við Langána lýkur



INGVI HRAFN JÓNSSON „Sjálftæðisflokkurinn gerði sér ekki grein fyrir því hvaða afl hann var að leysa úr læðingi þegar hann beitti sér fyrir auknu frelsi í viðskiptum. Menn eru ekki enn þá almennilega búnir að fatta þetta. Ef við horfum á það sem þessir ungu menn eru að gera, í bönkunum og víðar, þá eru þetta ótrúlegir hlutir.“

á haustin dvelja þau meira í húsi sínu í Reykjavík. Þá er tíminn notaður fram að jólum til að skipuleggja veiðina árið eftir áður en langþráð frí er tekið eftir vinnutörninna. Þeir sem hlusta á Hrafnþing heyrja þá gjarnan í Ingva Hrafnni tala frá Flórída í Bandaríkjunum, þar eiga hjónin einnig hús í félagi við aðra sem þau keyptu fyrir 22 árum. Fjölmiðlamaðurinn er alveg jafn vel með á nótnum ytra og þegar hann dvelur á Fróni. Vaknar klukkan sex á morgnana, les blöðin og flettir í gegnum helstu fréttaveitur á vefnum. Svo byrjar hann á sínum einstæðu einræðum áður en viðmælandi dagsins fær að komast að.

SELUR LÓÐIR

Ingvi Hrafn er búinn að skipuleggja sextíu frístundalóðir í landi Stangarholts og eru fjörutíu þeirra þegar seldar. Hann segir þetta stórar lóðir, milli 2-5 hektarar hver. „Flestar eru í kringum þrjá hektara og kostar hektarinn 550 þúsund krónur. Búið er að leggja veg og vatn inn á hverja lóð. Þó nokkur kostnaður hefur fylgt þessu, allt að þrjátíu milljónir,“ segir Ingvi en hann er ánægður með að jörðin nýst fólki því enginn búskapur er þar lengur. Uppbyggingin er þegar farin af stað; fólk er byrjað að planta trjám, grafa fyrir grunnum og útbúa svæði til að leggja húsbílum.

Ingvi Hrafn segist aldrei hafa getað slitið sig frá fjölmiðlum. Hann sé fjölmiðlafíkill; vann lengi á Morgunblaðinu, varð þjóðþekktur í Sjónvarpinu og þaðan lá leiðin á Stöð 2.

„Það fyrsta sem ég gerði þegar ég var í menntaskóla var að lesa Moggann. Ég þurfti að klára þennan skammt áður en ég gat byrjað daginn,“ segir Ingvi og heldur greinilega enn í þennan aldna sið. Á blaðinu starfi enn margir góðir vinir hans. Stundum setji hann fram harða gagnrýni á Morgunblaðið á Hrafnþingi fyrir alltof íhaldssamar skoðanir. Hann deili til dæmis ekki áhyggjum blaðsins yfir þróunina í íslensku viðskiptalífi. Nóg sé til af eftirlitsstofnunum og ef menn gerist lögbrotar eigi að

refsa þeim. Ekki eigi að ana stjórnmalá-mönnum gegn fólki í atvinnulífínu.

ÓPEKKT AFL

„Sjálftæðisflokkurinn gerði sér ekki grein fyrir því hvaða afl hann var að leysa úr læðingi þegar hann beitti sér fyrir auknu frelsi í viðskiptum. Menn eru ekki enn þá almennilega búnir að fatta þetta. Ef við horfum á það sem þessir ungu menn eru að gera, í bönkunum og víðar, þá eru þetta ótrúlegir hlutir. Ég get alveg skilið að menn hafi áhyggjur af því að Baugur og tengdir aðilar ráði yfir fjölmiðlum. Ég held hins vegar að þegar Kári Jónsson var ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins hafi blaðið fengið trúverðugleika sem var ekki þegar Gunnar Smári Egilsson stýrði því,“ segir Ingvi Hrafn. „Nú virðist sem Gunnar Smári hafi meiri hæfileika sem business-maður en blaðamaður.“

Honum virðist sem megin tilgangur með rekstri Fréttablaðsins og tengdra miðla sé að græða peninga. Með þeim sé hægt að halda úti Talstöðinni að því er virðist með milljónatapi. Þó hafi auglýsingum fjölgað undanfarið. „Aldrei hefur nokkur maður skipt sér af því sem ég er að gera. Aldrei. Þessir menn eru bara í business. Ég tel það varla hvarfla að þeim í dag að reyna að hafa áhrif á það sem verið er að skrifa eða segja.“

RÍFUR KJAFT

Sjálfur spjallar hann við hlustendur milli klukkan eitt og tvö eftir hádegi alla virka daga: „Þarna get ég rífið kjaft eins og mér sýnist enda segi ég við konuna mína að ég hljóti að vera yndislegur í sambúð. Í útvarpinu fæ ég útrás fyrir allar mínar innstu hugsanir og get bolverð Vinstri grænum og hinum kommúnistunum í sand og ösku. Klukkan tvö, þegar ég er búinn, er ég alsæll. Mér finnst voðalega gaman að þessu fyrir utan að Hrafnþing hefur greinilega feiknanlega útbreiðslu,“ segir Ingvi Hrafn. Þetta fái hann til að hugsa og vera á tánum í málefnum lífandi stundar. Honum sé stundum sendur tóninn en ánægjuraddir láti oftast í sér heyrja. Þetta sé æðislegt fyrir karl eins og hann sem hefur þrífist á fjölmiðlum í öll þessa ár.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Ingva Hrafn
Jónssyni
þáttastjórnanda

Hádegisverður fyrir tvo á
kaffihúsi Geirabakarís,
Borgarnesi

Aspassípa og brauð
Smurbrauð með síld

Drykkir
Tvær kók
Alls 2.280 krónur



Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Kynlífssenur í GTA

Metsölutölvuleikur er sagður innihalda leyniklámborð. Málið hefur valdið fjaðrafoki í Bandaríkjunum og hefur ólíklegasta fólk tjáð sig um leikinn.

Metsölutölvuleikurinn Grand Theft Auto: San Andreas er sagður innihalda leyniklámborð. Hollenskur tölvunjörður full-yrðir að hægt sé að hala niður viðbót við leikinn á netinu sem geri notandanum kleift að láta persónur í leiknum hafa kynmök.

Leikurinn gengur út á að setja sig í spor meðlima ofbeldisklíka í Los Angeles og er markmiðið að vinna sig upp innan undirheima borgarinnar.

Grand Theft Auto er bannaður innan sautján ára í Bandaríkjunum, en yfirvöld hyggjast rannsaka málið og er ekki ólík-



FRÁ SAN ANDREAS Fundist hafa leyniklámborð í Grand Theft Auto. Yfirvöld hafa hafði rannsókn og til greina kemur að hækka aldurstakmark notenda.

legt að aldurstakmarkið verði hækkað að lokinni rannsókn. Gæti það komið niður á sölu á leiknum en hann hefur nú þegar selst í milljónum eintaka um allan heim.

Leikurinn er framleiddur af Rockstar-tölvuleikjaframleiðandanum og segjast yfirmenn fyrirtækisins ekkert af kynlífs-senunum vita, en hyggjast þó sýna yfirvöldum samstarfsvilja.

Hollenski tölvunjörðurinn Patrick Wildenborg fann klám-

borðið fyrstur manna en segir þó að líklega sé um mistök að ræða: „Þetta er eitthvað sem hefur verið í tilraunaútgáfu af leiknum en síðan átt að taka út.“

Málið hefur valdið miklu fjaðrafoki í Bandaríkjunum og lá öldungardeildarþingmaðurinn Hillary Clinton ekki á sinni skoðun: „Það leikur enginn vafi á því að tölvuleikir sem snúast um ofbeldi og kynlíf gera foreldrum erfiðara um vik að ala upp börn sín.“ -jsk



Misvísandi skilaboð

Ný rannsókn segir makaval verða í tveimur fösum. Fyrst ráði útlitið en síðan lyktarskynið.

Skynfærin senda okkur misvísandi skilaboð þegar kemur að makavali, samkvæmt nýrri rannsókn. Áður hafði verið sýnt fram á að lyktarskynið laðar okkur að fölki sem hefur ólíka genasamsetningu. Nú hefur komið í ljós að kvenfólk laðast frekar að andlitsfalli karlanna með svipaða genasamsetningu.

Ríkjandi kenning segir fólk reyna með öllum ráðum að forðast úr-



MARILYN MONROE Líklega myndu fæstir karlmenn fúlsa við Marilyn, hvað sem genasamsetningu líður.

sem allra ólíkasta genasamsetningu, með því móti verði afkvæmin heilbrigð og hraust.

Claus Wedekind sem fór fyrir rannsókninni segir þó niðurstöðurnar ekki kollvarpa þeirri kenningu: „Makaval verður líklega í tveimur fösum, fyrstu kynni byggja á útliti en síðan er það lyktin sem ræður.“

Wedekind telur að þannig megi útskýra tilhneigingu Bandaríkjamanna til að giftast fölkum af sama kynþætti. -jsk

Pöbbarölt úrelt

Skemmtanafiklar þurfa ekki lengur að örvænta er kemur að vali á skemmtistöðum því nú er hægt að fá upplýsingar um þá tónlist sem spiluð er á hverjum stað fyrir sig í gegnum farsíma.

Tæknin er hönnuð af nemendum við háskólann í Sheffield og kallast, geMuse. GeMuse-tæknin er ætluð notendum þriðju kynslóðar farsíma og lenti í öðru sæti í hönnunarkeppni Microsoft sem haldin var í Bretlandi á dögnum.

ALLT Í GEMSANN Skyldi Vilhjálmur prins vita að hægt er að velja sér skemmtistað í gegnum gemsann?

„Þetta er alger bylting fyrir stuðbolta. Nú þarf fólk ekki vappa á milli klúbba heldur er hægt að hala niður sýnishorni af þeirri tónlist sem í boði er og velja þann stað sem spilar tónlist við manns hæfi“, sagði Nicola Walton einn hönnuðana. -jsk



Er einhver í þínu fyrirtæki sem heldur að skást sé best?



og

vodafone

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Stærsta einkavæðing ríkisstjórnarinnar á lokastigi:

Trúverðugt sölufæri Símans

Björgvin Guðmundsson

Eftir alþingiskosningar 1999 stóð í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að hafinn skyldi undirbúningur að sölu Landssíma Íslands. Í maí 2001 fékk samgönguráðherra samþykkt frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á öllu hlutafé ríkisfyrirtækisins. Stefnt var að sölu þess í þremur áföngum; fyrst með dreifðri sölu til almennings, svo til kjölfestufjórfaða og síðar til erlendra fjárfesta. Samkvæmt mati PricewaterhouseCoopers á þessum tíma var verðmæti eigin fjár Landssímans um 45 milljarðar króna. Fljótlega komu upp raddir um að verðið væri of hátt og áhugi almennings á fyrirtækinu var lítill. Ytri aðstæður, eins og fallandi hlutabréfaverði, var kennt um og salan var sett á bið.

Í byrjun apríl á þessu ári var blásið lífi á nýjan leik í áform ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu Símans. Tími til kominn, sögðu margir, enda fátt sem mælir með því að svo stórt þjónustufyrirtæki sé enn þá í ríkiseigu. Í næstu viku verða bindandi tilboð í Símann opnuð. Drög að kaupsamningi liggur þegar fyrir og samningaviðræður við hæstbjóðendur eiga ekki að taka langan tíma. Gangi þetta eftir verður stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar lokið fyrir lok sumars.

Eins og umræða um sölu ríkisbankanna fyrr á þessu ári leiddi í ljós er ekki hlaupið að því að selja fyrirtæki án þess að nokkur hafi neitt við það að athuga. Í mörg horn er að líta, bæði hvað varðar pólitíska hagsmunum og viðskiptalega. Einkavæðingarnefnd fékk það hlutverk að leysa þetta vandamál og réði breska fjármálafyrirtækið Morgan Stanley sér til fulltingis.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, gerði svo ítarlega grein fyrir sölufæri Símans í grein í Markaðnum 18. maí síðastliðinn. Þar sagði hann meðal annars: „Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur lagt sig fram um að haga öllum söluundirbúningi með faglegum, trúverðugum og málefnalegum hætti, svo að sala á eignarhlut ríkisins í Símanum geti farið fram með opnum, gagnsæjum og sanngjörnum hætti.“

Óhætt er að segja að fulltrúum og starfsmönnum einkavæðingarnefndar hefur tekist að uppfylla þessi áform og náð að eyða tortryggni sem upp hefur komið. Aldrei eru allir sáttir við allt í svo víðamiklu verkefni, en í það heila hefur tekist vel til. Ber að benda á nokkur atriði í því sambandi. Upplýsingagjöf varðandi flest sem snýr að ferlinu hefur verið góð. Fyrirkomulag sölunnar er einfalt. Þar ræður mestu að selja á Símann í heilu lagi. Betra hefði verið að fara að ráðgjöf Morgan Stanley og setja ekki takmarkanir á eignarhald einstakra bjóðenda. Þá hefði einkavæðingarnefnd heldur ekki þurft að taka til skoðunar innbyrðis tengsl fjárfestahópanna. Það sem skiptir mestu máli fyrir trúverðuleika sölunnar er að ganga á til viðræðna við þann bjóðanda sem hæst býður fyrir Símann. Mælikvarðið sem mark er á takandi.

Þeir sem hugsa um hagnun ríkisins kunna að hafa áhyggjur af því að ekki fáiast nógu hátt verð fyrir Símann. Það verð sem boðið verður í Símann er rétt verð. Einkavæðing ríkisfyrirtækja er ekki fjárfestingarleið fyrir ríkissjóð. Hún stuðlar að kerfisbreytingu í hagkerfinu og eykur svigrúm borgaranna til athafna. Drifkraftur einstaklingsfrelsisins leysir úr læðingi kraft sem hvetur frekar til samkeppni, lægra verðs og betri þjónustu fyrir almenning. Rekstur einkafyrirtækja miðast af þörfum viðskiptavina en ekki stjórnmálanna. Frelsi og fjölbreytni markaðarins eykst með sölu Símans. Trúverðugt sölufæri er til þess fallið að auðvelda næstu skref í einkavæðingu á Íslandi.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haffli@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | thkart@markadurinn.is

Er hægt að leyna upplýsingum og gögnum?

ORÐ Í BELG

Helga Melkorka Ottarsdóttir
hdl. og meðeigandi LOGOS lögmannsþjónustu



ir þar ekki að vísa til þess að þar leynist eitt og annað persónulegt, jafnvel sýna fram á persónuleg skeyti. Reglur fyrirtækja um meðferð tölvupósts ættu að taka á þessum möguleika með einum eða öðrum hætti.

HÚSLEIT Á HEIMILUM STARFSMANNA

Heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA eru enn víðtækari en stofnunin hefur heimild til að leita héraðs á heimilum stjórnarmanna og starfsmanna fyrirtækja vegna rökstudds gruns um brot á samkeppnisákvæðum EES-samningsins. Ástæður þessarar heimildar eru meðal annars þær að talið er að brot á ákvæðum samkeppnislaga, einkum ólöglegt samráð, verði sífellt víðtækara og flóknara og nauðsyn sé á víðtækum rannsóknarheimildum svo brot verði upplýst. Augljóst er að beiting þessarar heimildar heyrir til undantekninga enda er hér komið mjög nálægt friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

VANDMEÐFARIN HEIMILD

Þótt almennt sé víðurkennd nauðsyn á húsleitarheimild

Það að lenda í eða verða vitni að húsleit stjórnvalda kann að vera óskemmtileg reynsla. Þá er komið í húsnaði fyrirtækis eða starfsstöð í fylgd lögreglu án nokkurs fyrirvara eða tilkynningar, leitað í hirslum og tölvum og hald lagt á upplýsingar vegna tiltekna máls eða mála. Húsleit er gerð vegna rannsókna á ætluðu lagabroti, s.s. broti á samkeppnislögum, skattalögum eða lögum um persónuvernd. Þegar húsleit er gerð verður starfsfólk fyrirtækis oftast en ekki óöruggt og spurningar koma upp um hvaða brot hefur verið framið af fyrirtækinu sem er atvinnurekandi og hvort heimilt sé að leggja hald á gögn sem telja má persónuleg, s.s. tölvupóst starfsmanna.

RÖKSTUDDUR GRUNUR UM BROT

En er stjórnvöldum frjálst að leita í fyrirtækjum og jafnvel á heimilum einstaklinga ef ástæða er til að ætla að lög hafi verið brotin? Hversu miklar kröfur eru gerðar til þess að ætla megi að brot hafi verið framið áður en húsleit er gerð? Í þessu sambandi er einnig rétt að hugleiða hvort stjórnvöld geti sjálf tekið ákvörðun um húsleit eða hvort heimildarúrskurð dómstóla þurfi til. Ýmsar spurningar vakna í tengslum við húsleitarheimildir.

Almennt er víðurkennt af löggjafanum að tilteknum stjórnvöldum sé heimilt að leita í fyrirtækjum ef rökstuddur grunur er um brot á tilteknum lögum og rannsóknarhagsmunir mæla gegn því að senda bréflaga beiðni um upplýsingar og gögn.

Meginreglan er sú að úrskurð dómara þurfi er heimilar húsleit, s.s. á grundvelli samkeppnislaga. Mikilvægt er að dómstólar leggi sjálfstætt mat á hvort ástæða er til að heimila húsleit, þótt oft virðist sem litlar kröfur séu gerðar af dómstólum og lítið um sjálfstætt mat dómstóla á nauðsyn húsleitar.

Það er þó ekki einhlít regla að dómsúrskurð þurfi til. Þannig hefur Persónuvernd heimild til að gera húsleit án dómsúrskurðar. Verður þar að gera enn ríkari kröfur til stjórnvalda um að beita þessari vandmeðfönu heimild af varkærni.

Heimilt er að leggja hald á pappirsgögn jafnt sem tölvugögn. Tölvupóstur starfsmanna er þar ekki undanskilinn og næg-

vegna rannsóknar brota er ljóst að beita verður þessum heimildum með mikilli varúð. Fyrir það fyrsta ber stjórnvöldum að beita vægari úrræðum sé þess nokkur kostur, sem sagt með bréflægum fyrirspurnum. Í annan stað verður að gera þá kröfu til dómstóla að þeir taki til sjálfstæðrar skoðunar hvort verulegar líkur séu á að brot hafi verið framið og að nauðsyn sé á húsleit svo rannsóknarhagsmunir fari ekki forgörðum. Þá er löggjafinn hvattur til þess að lögbinda ekki almenna heimild til húsleitar á heimilum starfsmanna fyrirtækja sem viðriðin eru meint brot.

Trúnaður starfsmanna samkeppnisfyrivalda, skattayfirvalda, Persónuverndar og annarra þeirra stjórnvalda sem hafa heimildir til að óska húsleitar er mjög mikilvægur, ekki síst þegar horft er til þess að nú hefur verið opnað fyrir þann möguleika Eftirlitsstofnunar EFTA að leita á heimilum starfsmanna, heimild sem er mjög vandmeðfarin og verður aðeins beitt í algjörum undantekningartilvikum.

Að þessu sögðu er ekki hægt að reikna með því að gögn sem lögð hafa verið til hliðar innan fyrirtækis komi þar með ekki fyrir augu stjórnvalda er rannsaka meint brot á lögum. Fyrirtæki eru hvött til að vera ávallt viðbúin óviðbúnum og ef til vill óvelkomnum heimsóknum sem þessum, fræða starfsfólk og setja sér reglur og viðbúnaðar-áætlan til að forðast neikvæðar hliðar leitarinnar.



Mikilvægt er að dómstólar leggi sjálfstætt mat á hvort ástæða er til að heimila húsleit, þótt oft virðist sem litlar kröfur séu gerðar af dómstólum og lítið um sjálfstætt mat dómstóla á nauðsyn húsleitar.

UM VÍÐA VERÖLD

Ekki lengur smábarn

The Economist | Margir hafa viljað kenna Seðlabanka Evrópu um hvernig komið sé fyrir hagkerfum gömlu Evrópu. The Economist kemur bankanum til varnar og segir hann gagnrýndann að ósekju.



Economist bendir á að raunvextir hafi ekki verið lægri í Evrópu í 25 ár og að gengi evrunnar sé örlítið lægra en þegar hún var sett á laggirnar. Þeir vilja því ekki meina að hægt sé að kenna hagstjórn Seðlabankans um lítinn hagvöxt. Raunar beri að hrósa bankanum fyrir það hvernig staðið var að sameiningu Seðlabanka ríkja myntbandalagsins og fyrir að koma á sameiginlegum gjaldmiðli. Economist segir raunverulegan vanda Seðlabankans liggja í almannatengslum; það sé staðreynd að seðlabankar Evrópu og Bandaríkjanna bregðist á svipaðan hátt við breytingum á verðbólgu og framleiðni, hins vegar njóti bandaríski seðlabankastjórnin Green-span mun meiri virðingar en hinn evrópski Jean-Claude Trichet. „Seðlabanki Evrópu er ekki lengur smákrakki. Bankinn hefur öðlast trúverðuleika, nú er bara að færa sér hann í nyt,“ segir í The Economist.

Hvað gera Kínverjar?

The Times | Gary Duncan fjallar í The Times um gengi gjaldmiðilsins í Kína, júansins. Bandaríkjamenn hafa löngum kvartað sáran undan því að Kínverjar tengi gengi júansins beint við dalinn. Með því sé júanið alltaf



vanmetið miðað við dalinn og því óeðlilega hagstætt fyrir Bandaríkjamenn að flytja inn vörur frá Kína. Bandaríkjamenn hafa því lengi þrýst á Kínverja að endurmeta júanið. Duncan segir að nú sé hávær orðrómur uppi um að Kínverjar hyggist verða við þessari ósk Bandaríkjanna. Duncan varar þó við því að anað verði að slíku; í fyrsta lagi séu þeir innviðir sem þarf fyrir fljóttand gjaldmiðil ekki til staðar í Kína auk þess sem líklegt sé að stjórnmálaástand í landinu yrði óstöðugt hægðist á hagvexti. Hann telur jafnframt að ekki sé víst að herra júan hefði þau áhrif á bandaríska hagkerfið sem þarlendir vilji meina. Ef hægðist á eftirspurn Kínverja eftir bandarískum ríkisskuldabréfum, leiddi það til vaxtahækkunar í Bandaríkjunum, og hægðist á hagvexti. Í kjölfarið myndi dalurinn veikjast og bandarísk hlutabréf hrífalla í verði.

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Haffli Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dógg Hjaltalin, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skafason, Þórlundur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglusingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðnum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verzlunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

Verslaðu við traustan aðila!

LEIGJUM TJÖLD

sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, party og alls konar samkomur. Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPIÐ:

virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ7 • SIMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

Spennan magnast

Spennandi tímar eru að fara í hönd. Hálfársuppgjörin líta dagsins ljós strax í þessari viku. Fjármálafyrirtækjunum og fjárfestingarfélagunum er spáð glimrandi hagnaði – aldrei þessu vant! Greiningardeildirnar eru óvenju samdóma í afkomuspám sínum og er helst að finna mun í hagnaðarspá hjá Straumi þar sem Íslandsbanki spáir honum nærri eins milljarða hærri hagnaði en hinir bankarnir.

Hagnaður Burðarás á ársfjórðungnum slær öll fyrri viðmið og einnig má búast við háum tölum hjá KB banka annan fjórðunginn í röð. Spáð er yfir 700 prósent hagnaðaraukningu hjá Burðarási og Tryggingamiðstöðinni á milli ára.

Hlutabréfamarkaðurinn hefur verið heldur rólegur frá því í apríl. Fjárfestar horfa mikið til

SPÁKAUPTAÐURINN

hvernig til tekst hjá Kauphallarfélagunum og segja uppgjörin til um þróun á markaði. Ég er spennastur að sjá hvernig til tekst hjá Actavis og Bakkavör. Félagin, sem hafa verið í fararbroddi íslenskra útrásarféлага, hafa þróast með æði ólíkum hætti á undanföllum misserum. Bakkavör er það félag sem hefur hækkað hvað mest á þessu ári og kom sú hækking að hluta til eftir yfirtökuna á Geest og gott uppgjör á fyrsta ársfjórðungi. Arferði á breskum smásölumarkaði er heldur erfitt um þessar mundir. Er ekki laust við að spenningur fari um mann að sjá hvort Bakkavör takist enn og aftur að ná meira úr sínum fyrirtækjum en helstu samkeppnisáðilar. Bakkabræður eru hálfgerðir

galdramenn. Þó verður ekki annað sagt en að nýjustu verkefni Bakkavarar reyni mjög á snilli þeirra bræðra.

Actavis hefur aftur á móti hækkað lítið frá árinu 2003 þegar það var hástökkvari þess árs. Vafalaust biða margir hluthafar eftir því að félagið fari aftur á skrið og hefur það ýmislegt með sér í farteskinu. Ég er á þeirri skoðun að kaup þessi á Amide í Bandaríkjunum eigi eftir að skila sér ríkulega til baka á næstu árum – jafnvel strax á þriðja og fjórða árshluta. Svo mæla tveir bankar með kaupum á hlutabréfum í Actavis. Kaupahéðnar eins og ég líta á ráðgjöf um kaup á íslenskum hlutabréfum sem hálfgerða blessun á tímum sem þessum. Ég keypti mér þess vegna slatta á genginu 40 og spái hitabylgju í ágúst.

Spákaupmaðurinn á horninu



Miklar hækkunar hlutabréfavísitalna víða um heim

Hækkunar hlutabréfavísitalna víðs vegar um heiminn hafa frá áramótum verið mismiklar að því er kemur fram í Hálfimm fréttum KB banka. Af þeim tíu vísitölum sem mest hafa hækkað er yfirgnæfandi meirihluti vísitölur á verðbréfamörkuðum landa sem hafa meginþorra tekna sinna af olíu. Eýpska Case-30 vísitalan er fremst í flokki með rétt tæplega 127 prósent hækkingu í staðbundinni mynt. Sé þessi hækking hins vegar skoðuð

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

í Bandaríkjadöllum talið er hún lægri eða tæp 96 prósent. Þetta verður engu síður að teljast mjög mikil hækking á rétt rúmlega hálfu ári. Hækking aðalvísitölu kauphallarinnar í Sameinuðu arabísku furstadæmunum er einnig töluverð eða rúm 108 prósent.

Í Hálfimm fréttum KB banka segir að af þeim tíu sem hafi skilað lögstri ávöxtun eru kínversku vísitölurnar tvær, Se

Shang og Se Shenz. Se Shang hefur lækkað um tæp átta prósent og Se Shenz um 12,5 prósent frá áramótum. Þetta ætti þó ekki að þykja undarlegt þar sem báðar vísitölurnar hafi verið á nokkuð stöðugri niðurlægingu frá árinu 2001. Ef þróun Se Shang í Bandaríkjadöllum sé skoðuð komi í ljós að lækkingin er enn meiri eða rúmlega 17 prósent.

„Úrvals vísitala Kauphallar Íslands hefur hækkað um tæp 25% frá áramótum og stendur

því nokkuð vel miðað við þær vísitölur sem hér eru skoðaðar og hefur hækkað mest af löndum í Vestur-Evrópu. Þetta er auðvitað ekki sami árangur og í tíu efstu löndunum en taka

verður mið af því að hún hækkaði um tæp 60% á síðasta ári og 25% hækkingu á rúmu hálfu ári telst þrátt fyrir allt mjög gott,“ segir í Hálfimm fréttum KB banka.

Af þeim tíu vísitölum sem mest hafa hækkað er yfirgnæfandi meirihluti vísitölur á verðbréfamörkuðum landa sem hafa meginþorra tekna sinna af olíu. Eýpska Case-30 vísitalan er fremst í flokki með rétt tæplega 127 prósent hækkingu í staðbundinni mynt.

www.toyota.is



Sumir draumar rætast

Avensis - Upplifun

Avensis stendur undir miklum væntingum. Bíllinn er ríkulega hlaðinn staðalbúnaði. Innri hönnun einkennist af miklu rými og þægindum fyrir ökumann og farþega. Avensis hefur sjálfvirkan regnskynjara á þurrkum,

Verð frá 2.340.000 kr.

tölvustýrða loftræstingu í miðstöð, hágæða hljómflutningstæki og afar fullkominn hemlunar- og öryggisbúnað. Komdu í reynsluakstur og láttu drauma þína rætast í veruleikanum. Næst ekur þú Avensis.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

FÓLK Á FERLI

JÓNAS FR. JÓNSSON hefur verið ráðinn forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Jónas er fæddur árið 1966.



Hann hefur embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, LLM próf frá háskólanum í Cambridge í Englandi og MBA-próf frá Vlerick Leuven Gent Management School í Belgíu.

Pá hefur hann lokið verðbréfamíðlara-prófi. Jónas hefur mikla reynslu af alþjóðlegu samstarfi og fimm ára reynslu sem framkvæmdastjóri innra markaðs-sviðs Eftirlitsstofnunar EFTA í Brüssel. Í því starfi öðlaðist hann víðtæka stjórnunarreynslu auk yfirgripsmikillar þekkingar meðal annars á Evrópulöggjöf um fjármagnsmarkaði.



Nýja stjórn Sjóvá skipa **BJARNI ÁRMANNSSON, BENEDIKT JÓHANNESSON, KARL WERNERSSON, GUÐMUNDUR ÓLASON** og **JÓN SCHEVING THORSTEINSSON**. Þar sem Sjóvá er ekki lengur dótturfélag Íslandsbanka heldur hlutdeildarfélag situr forstjóri Sjóvá Þorgils Óttar Mathiesen ekki lengur í framkvæmdastjórn Íslandsbanka.

FRIENDS
VIRKA DAGA KL. 20:30



FYLGSTU MEÐ!



birta

**SJÓNVARPSDAGSKRÁ
VIKUNNAR »**

Tökum einn leik fyrir í einu

Marínó Guðmundsson er forstjóri 66° Norður. Hann tjáði *Jóni Skaftasyni* að þrátt fyrir að vel gengi yrði að sníða sér stakk eftir vexti. Rekstur fyrirtækis sé eins og knattspyrna; taka eigi einn leik fyrir í einu.

Sjóklæðagerðin, eða 66° Norður, er stofnuð árið 1926 og framleiddi upphaflega hlífðarfatnað fyrir sjómenn og fiskvinnslufólk. 66° Norður er í dag stærsti framleiðandi landsins er kemur að vinnu- og sjófatnaði en líklega er fyrirtækið enn þekktara fyrir útivistarvörur sínar.

Hjá 66° Norður starfa 280 manns; hundrað á Íslandi, 170 í verksmiðjum fyrirtækisins í Lettlandi auk þess sem tíu manns starfa við markaðssetningu og sölustörf erlendis. Á Íslandi eru sjö 66° Norður búðir auk þess sem tvær eru starfræktar í Lettlandi. Við þetta bætast þrjár búðir Rammagerðarinnar, sem 66° Norður festi nýlega kaup á.

Sigurjón Sighvatsson á um tvo þriðju hlutafjár í 66° Norður, en auk hans á tryggingafélagið Sjóvá stóran hlut. Þá á Marínó Guðmundsson forstjóri einnig í fyrirtækinu.

TÍSKA OG ÚTIVIST

Marínó Guðmundsson segir starfsemi 66° Norður skiptast í tvennt, annars vegar heildsölu með vinnu og sjófatnað og hins vegar útivistarhluta. Hann telur Rammagerðina góða viðbót við reksturinn: „Rammagerðin fellur vel að okkar starfsemi og samlegðaráhrifin eru talsverð. Við getum samnýtt alla yfirstjórn og bókhald ásamt því að ná hagræði í sameiginlegum innkaupum.“ Hann segir á dagskránni að fara í gegnum reksturinn: „Það verða einhverjar nýjungar í Rammagerðinni

með haustinu. Við þurfum að sjá hverju við getum breytt og bætt.“

66 Norður

Forstjóri: Marínó Guðmundsson
Búðir: Sjö 66 Norður á Íslandi, tvær í Lettlandi.
Þrjár búðir Rammagerðarinnar.
Starfsmenn: 280, þar af 170 í Lettlandi
Áætluð ársvelta: Einn og hálfur milljarður króna

Fatnaður 66° Norður hefur breyst talsvert með árunum.

Í stað gömlu pollagallana býður fyrirtækið nú upp á tísku og útivistarfatnað í bland: „Við leggjum áherslu á framúrskarandi hönnun og að vinna úr bestu fánlegu hráefnum.

Við erum til að mynda með einkaleyfi á Polartec á Íslandi sem er stærsti og að flestra mati besti framleiðandi flísefnis í heiminum.“

HANNAÐ Í SAMVINNU VIÐ FAGFÓLK

Við hönnun á fatnaði 66° Norður er leitast við að sameina notagildi og útlit. Undanfarið hefur meira verið framleitt af tiskufatnaði en áður og má vænta fleiri nýjunga frá fyrirtækinu.

Nú í sumar var farið af stað með golflínu, þá er verið að vinna að hönnun keppnisbúninga fyrir skíðalandsliðið sem notaðir verða á Vetrarólympíuleikunum 2006 í Tórínó auk þess sem sífellt er verið að þróa útivistarfatnað 66° Norður.

Marínó segir fatnaðinn hannaðan í samvinnu við það fólk sem setji fram mestar kröfur. Skíðafatnaðurinn sé hannaður í samvinnu við Skíðasambandið og útivistarfatnaðurinn með hjálp þrautreyndra fjallgöngugarpa og björgunarsveitarmanna: „Golflínan okkar var gerð með íslenskum atvinnuönnum, Birgi Leifi Hafþórssyni, Ólafi Má Sigurðarsyni og Ólöfu Maríu Jónsdóttur. Þetta verk-

efni hefur farið vel af stað og við stefnum að því að gera enn betur næsta sumar.“

EITT SKREF Í EINU

Fatnaður frá 66° Norður er seldur í sportvöru- og útivistarverslanir í Bandaríkjunum og Skandinavíu: „Það hefur gengið ágætlega að selja erlendis. Við vinnum nú að samningum við fleiri fyrirtæki og erum með augun opin fyrir þeim tækifærum sem gefast. Viðbrögðin hafa verið mjög jákvæð og við höfum fengið fjölda fyrirspruna,“ segir Marínó.

Hann segir ekkert vinnast með því að fara sér of hratt. Heillavænlegast sé að taka eitt skref í einu og gæta verði þess að innviðir fyrirtækisins þoli álagið: „Þetta er langt og strangt ferli. Það verða til að mynda að vera tilbúin sýnishorn af haustlínunni 2006 í október árið 2005.“ Marínó bætir við að verslanir sýni enga miskunn sé ekki staðið við afhendingar á pöntunum: „Menn mega teljast heppnir fáir þeir einn sjens. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að við ráðum við það sem við erum að gera.“

Nýju eigendurnir tóku við rekstrinum í janúar á þessu ári. Veltan í ár er áætluð um einn og hálfur milljarður króna sem er umtalsverð aukning frá fyrra ári.

Marínó segir stefnt að því að halda áfram að vera í fararbroddi hönnunar á útivistar- og tiskufatnaði. Hann segir ekki á stefnuskránni að fjölga búðum á Íslandi en þó séu stjórnendur fyrirtækisins alltaf með augun opin fyrir nýjum tækifærum: „Stefnan er sett á stöðugan vöxt, engin heljarstökk. Það gildir sama lögmál í þessu og fótbolnanum; maður tekur einn leik fyrir í einu.“



MARÍNÓ GUÐMUNDSSON FORSTJÓRI 66 NORÐUR Fatnaður 66 Norður er hannaður í samvinnu við fagfólk. Útivistarlínan með þrautreyndum fjallgöngugörpum og björgunarsveitarmönnum og nýja golflínan með þremur íslenskum atvinnuönnum í íþróttinni, Birgi Leifi Hafþórssyni, Ólöfu Maríu Jónsdóttur og Ólafi Má Sigurðarsyni.

BESTA RÁÐIÐ

Heiðarleiki

Hafdís Jónsdóttir, eigandi World Class líkamsræktarstöðvanna, segir mikilvægast af öllu að standa við orð sín: „Heiðarleiki er mikilvægur, ekki síst í viðskiptum. Það verða allir að ganga sáttir frá borði.“

Ráðið er upphaflega komið frá föður Hafdísar sem sjálfur stundaði viðskipti: „Þabbi rak matvöruverslun í mörg ár og sagði mér einhverju sinni að heiðarleiki væri mikilvægastur af öllu í samskiptum fólks.“

Hafdís og maður hennar Björn Leifsson, hafa rekið World Class frá árinu 1985. Fyrirtækið hefur síðan vaxið og dafnað og er

nú með þrjár líkamsræktarstöðvar á sínum snærum, meðal annars þá stærstu á landinu, Laugar við Sundlaugaveg.

Hafdís segir ráð föður síns hafa nýst sér vel: „Ég held að áherslan á heiðarleika hafi verið gott veganesti út í lífi.“ -jsk

HAFDÍS JÓNSDÓTTIR Í WORLD CLASS Hafdís segir mikilvægt að standa við orð sín. Hvort sem er í viðskiptum eða öðru.



Húsmóðir gefur út bók

Martha Stewart situr nú við skrifir í stofufangelsi og hyggst sýna fólki hvernig það geti orðið ríkt. Áætlað er að bókin komi út í október.

Bandaríska fyrirmyndarhúsmóðirin, Martha Stewart, hyggst skrifa kennslubók í því hvernig eigi að komast yfir fé. Stewart situr nú í stofufangelsi á heimili sínu eftir að hafa setið í fimm mánaða ífangelsi í Vestur-Virginíu-fylki.

Stewart hlaut dóm fyrir að logið til um verðbréfavíðskipti.

Bókin heitir „Reglur Mórtu“, og kemur út í október á þessu ári. Hún á að kenna fólki hvernig eigi að byggja upp viðskiptaveldi

þrátt fyrir að byrja með tvær hendur tómar.

Samhliða bókinni hyggst Stewart hefja framleiðslu á raunveruleikasjónvarpsþætti í anda The Apprentice, sem Donald Trump stýrir. Fjöldi keppenda hefur skráð sig til leiks í þáttinn og stendur sá eftir sem besta viðskiptakunni - **FYRIRMYNDARHÚSMÓÐIRIN MARTHA STEWART** áttu Martha skrifar nú kennslubók í sýnir. - ríkiðæmi og framleiðir raunveruleikasjónvarpsþátt.



Minnst verðbólga í Evrópu á Íslandi

Samræmd vísitala neysluverðs á Evrópska efnahagssvæðinu var í júní 117,9 stig og hækkaði um 0,1 prósent frá því maí, kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Vísitalan var á sama tíma 129,3 stig fyrir Ísland og hækkaði um 0,4 stig.

Á tímabilinu júní 2004 til júní 2005 var verðbólga tvö prósent að meðaltali í ríkjum evrópska efnahagssvæðisins. Mest var verðbólgan í Lettlandi 6,6 prósent, þá í Ungverjalandi 3,7 prósent.

Minnsta verðbólgan var á Íslandi 0,3 prósent. -jsk

KRÓNUR OG AURAR Verðbólga var 0,3 prósent á Íslandi síðastliðið ár og var hún hvergi minni innan EES.



Efla lyfjarannsóknir

Tilkynnt var í gær að dr. Daniel L. Hartman hefði verið ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra lyfjarannsókna hjá deCODE. Hann stýrir prófunum fyrirtækisins á nýjum lyfjum við algengum sjúkdómum. Tveir aðrir sérfræðingar á sviði lyfjarannsókna hófu einnig störf hjá fyrirtækinu á sviði lyfjarannsókna; dr. David Hermann og dr. Peter Van Ess sem starfað hafa við stjórnun á alþjóðlegum lyfjarannsóknum hjá

Pfizer eins og Daniel.

Dr. Hartman er 43 ára og hefur undanfarin ár stýrt alþjóðlegum klínískum rannsóknum Pfizer á ofnæmi og öndunar-færasjúkdómum. Áður starfaði hann í tvö ár við klínískar lyfjarannsóknir á sviði hjarta- og æðasjúkdóma og efnaskiptasjúkdóma hjá Pfizer. -bg

ÍSLENSK ERFÐAGREINING Efla á klínískar lyfjaprófanir.



Aftur í síðdegislúrinn

Spænsk fyrirtæki eru í vaxandi mæli farin að leyfa starfsmönnum sínum að taka hina hefðbundnu síestu að loknum hádegisverði. Þetta er gert til þess að örva framleiðni. Rannsóknir sýna nefnilega að spænskir launþegar sofa að meðaltali 40 mínútum skemur en starfsbræður þeirra annars staðar í Evrópu og verða því dauðþreyttir þegar líður á daginn.

Fyrirtæki í stórborgunum Madrid og Barcelona eru því farin að skipta út skrifborðsstólunum fyrir hægindastóla. - eþa

ÚRELTUR STÓLL Spænskir launþegar taka síestu í vaxandi mæli að ósk atvinnurekenda. Hægindastóllinn leysir því skrifborðsstólinn af hólm.



Tekjur fjögurra stjörnu hótela lækka í júní

Meðalverð hotelherbergja á landsbyggðinni hækkar.

Tekjur á hotelherbergi í Reykjavík lækkuðu um sex prósent í júní miðað við sama mánuð í fyrra samkvæmt tekjukönnun Samtaka ferðaþjónustunnar og Deloitte. Tekjur fjögurra stjörnu hótela lækka um 13 prósent í júní frá því á sama tíma í fyrra. Annad er uppi á teningnum hjá þriggja stjörnu hotelunum því þar hækka tekjur um þrjú prósent.

Á landsbyggðinni er hins vegar veruleg hækkun á verði sem leiðir til þess að meðalverð á herbergi í boði hækka um 16 prósent á sama tíma og nýtingin versnar um tvö prósent. -dh



GLÆSILEGT HÓTELHERBERGI Tekjur á hvert hotelherbergi á landsbyggðinni hækka verulega.

Kommúnistar mega versla

Viðskiptafrelsi eykst skref fyrir skref í Víetnam. Meðlimir kommúnistaflokksins mega nú eiga fyrirtæki og til stendur að einkavæða stærsta banka landsins.

Meðlimum víetnamska kommúnistaflokksins verður nú leyft að standa í einkarekstri, samkvæmt fréttum ríkisfjölmiðla. Flokksmenn mega nú eiga og reka fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum, en það hefur hingað til verið bannað með lögum.

Er vonast til þess að þetta hvetji til frekari erlendra fjárfestinga í landinu: „Erlendir fjárfestar hljóta nú að sjá hversu opið kerfi okkar er og hika þess vegna ekki við að fjárfesta í Víetnam,“ sagði Ta Huu Thanh formaður viðskiptanefndar flokksins í viðtali við Ho Chi Minh dagblaðið.

Er þetta liður í miklum breytingum í átt til frjálsræðis í landinu en stór hluti í einum fjögurra ríkisbanka Víetnam, Vietcombank, verður á næstunni seldur í hendur einkaaðila. Ríkisstjórn landsins vill þó ekki meina að um einkavæðingafærlis sé að ræða, og kjósa að tala um „dreifða eignaraðild“.



Í HEIMSÓKN Í BANDARÍKJUNUM Phan Van Khai forsætisráðherra Víetnam var á dögum í Bandaríkjunum og fékk þann heiður að hringja bjöllunni á hlutabréfamaðnum í New York til merkis um að viðskipti væru hafin. Miklar breytingar standa nú yfir í átt til frjálsræðis í Víetnam.

Bankastjórnin, Vu Viet Ngoan, telur þó að einkavæðing sé hið eina rétta í stöðunni: „Við þurfum

bæði nýjar vinnu- og stjórnunar- aðferðir. Einkavæðing bankans er fyrsta skrefið í þá átt.“ -jsk

Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
533 4300

SMÁRINN
FASTEIGNASALA
564 6655

GAJAFVÖRUVERSLUN

á laugarveginum. Mikið úrval af vönduðum vörum, gott húsnæði, góð leiga.

RÆSTINGARFYRIRTÆKI,

föst verkefni með góða afkomu.

ÍS – GRILL – VIDEO – 100 MILLJÓNA ÁRSVELT,

Staður á suðurlandi

ÍSBÚÐ

í miðbænum, í búðinni eru seldur ís og einnig pylsur og gos.

HOLLUR SKYNDIBITI,

góð hugmynd sem á eftir að útfæra enn frekar.

MYNDBANDALEIGA OG GRILL,

staðsett í góðu hverfi nálægt skóla.

DEKKJA -og VIÐGERÐAVERKSTÆÐI,

góð staðsetning, möguleiki á að selja helmingshlut.

FATAVERSLUN,

á laugarveginum, góð staðsetning.

BRETTI & FATNAÐUR FYRIR BRETTAFÓLK,

góð staðsetning, lág leiga gott fyrir þá sem eru að starta rekstri.

BLÓMABÚÐ,

góð staðsetning, flottir gluggar, næg bílastæði, snyrtilegt húsnæði og gott tækifæri fyrir samhent hjón eða tvo einstaklinga.

GISTIHEIMILI,

öll herbergin í útleigu en þó ekki rekið sem gistiheimili í dag, 9 herbergi + innréttaður bílskúr, selst með öllum búnaði.

ATH. Minni á þjónustu okkar við að leita eftir fyrirtækjum sem henta hvort heldur til sameiningar eða uppkaups. Við sjáum um vinnuna sem þú hefur ekki tíma til að sinna.

Tímafreakar undirritanir úr sögunni

Hvað er Fjölgreiðslumiðlun?

Fjölgreiðslumiðlun er hlutafélag í eigu banka, sparisjóða, greiðslukortafélaga og Seðlabanka Íslands sem sinnir ýmsum verkefnum á sviði greiðslumiðlunar.

Af hverju er verið að gera þessar breytingar á kortum landsmanna?

Ætlunin er að fylgja eftir tæknibreytingu sem alþjóðlegu greiðslukortafélögin standa sameiginlega að. Fyrirséð er að í öllum greiðslukort í veröldinni verður greypur örgjörvi sem bæði hýsir þau gögn sem nú eru geymd á segulrönd kortanna auk ýmissa viðbótarlausna.

Eru snjallkortin mun öruggari en eldri gerðir greiðslukorta? Í hverju felst þetta aukna öryggi?

Afritun segulranda í sviksamlegum tilgangi er orðið gríðarlega mikið vandamál og sífellt vaxandi. Nýrri tækni sem byggir á notkun örgjörva er ætlað að sporna við þessari þróun og hefur hún þegar náð að sanna sig í þeim löndum sem lengra eru komin í innleiðingunni en við. Segja má að ógerlegt sé að brjóta upp það öryggi sem örgjörvinn býður upp á og því ættu bæði kortahafar og móttakendur greiðslukorta sem greiðsluformi að fagna breytingunni.

Hvert er hlutverk tölvukubbsins sem greypur er í snjallkortin?

Eins og áður sagði geymir hann

þau gögn sem segulröndin geymir í dag. Þó er rétt að taka fram að segulröndin verður áfram á kortunum samhliða örgjörvanum fyrst um sinn eða á meðan lokið er við uppfærslu móttökubúnaðar kortanna. Til viðbótar verður hægt að geyma

ýmiss önnur gögn svo sem punktastöður í tengslum við ýmiss konar tryggðarkerfi, raf-ræn skilríki til auðkenningar og svo mætti áfram telja.

Komu einhverjar aðrar lausnir en snjallkortin til greina?

Raunar ekki – eins og áður sagði erum við hér að fylgja eftir alþjóðlegri tæknibreytingu sem unnin er undir forystu alþjóðlegu greiðslukortafélaganna og ekki miklu við það að bæta.

Taka korthafar eftir miklum breytingum er nýju kortin verða tekin í notkun? Í hverju felst þær breytingar?

Já og þá aðallega vegna þess að samhliða tæknibreytingunni verður tekin upp notkun leyninúmera (PIN) í stað undirritunar í öllum hefðbundnum viðskiptum með greiðslukort. Nýtt verklag felur í sér að korthafinn lætur greiðslukortid aldrei af hendi. Hann sér sjálfur um að stinga því í lestækið við búðarborðið og slá inn sitt leyninúmer. Tímafreakar undirritanir verða því brátt úr sögunni sem vonandi leiðir til þess að það næst að flýta frágangi greiðslu frá því sem nú þekktist.

TÖLVUPÓSTURINN

Til Loga Ragnarssonar

frankvæmdastjóra
Fjölgreiðslumiðlunar



SIGRÚN EVA ÁRMANNSDÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR FJÁRMÁLALAUSNASVIÐS HJÁ HUG Hugur þróar hugbúnað í alla 250 hraðbanka landsins. Búnaðurinn er hannaður í þróunarumhverfi bandaríska hraðbankarísans Diebold og segir Sigrún forsvarsmenn Diebold furðu lostna yfir því hversu framarlega Íslendingar séu í þróun hugbúnaðarlausna.

Stóraukið öryggi korthafa

Greiðslukort framtíðarinnar kallast snjallkort og eiga að auka öryggi korthafa til muna. Hugbúnaðarfyrirtækið Hugur vinnur að þróun búnaðar fyrir snjallkortahraðbanka. Sigrún Eva Ármannsdóttir hjá Hug fræddi Jón Skaftason um nýju kortin og sagði íslenskan hugbúnað í fremstu röð.

Fyrirhuguð er mikil breyting á greiðslukortum landsmanna; leggja á gömlu kortunum með segulröndinni og taka upp nýja tegund korta, svokölluð snjallkort.

Snjallkortin verða með sérstakan örgjörva sem er í rauninni lítil tölva, með minni og innra skrákerfi. Örgjörvinn er þeim kostum gæddur að nánast ómögulegt er að afrita hann.

Snjallkortin eru því mun öruggari en þau gömlu en fullauðvelt þykir að komast yfir persónuupplýsingar á segulrandarkortunum. Lítið hefur reyndar verið um slíkt svindl hér á landi en erlendis er hægt að nálgast fólksunarbúnað fyrir lágar fjárhæðir.

ÍSLENSKIR BANKAR FRAMARLEGA

Sigrún Eva Ármannsdóttir er forstöðumaður fjármálasviðs hjá Hug sem meðal annars sér um að þróa hugbúnað fyrir alla hraðbanka á Íslandi.

Sigrún segir einstaklega gaman að starfa með íslensku bönkunum enda séu þeir metnaðarfull fyrirtæki: „Íslensku bankarnir hafa mikinn metnað til að hafa allt sem best og nýtskulegast. Þeim er mjög umhugað um að fé viðskiptavinanna sé í sem öruggustum höndum. Nýju snjallkortin verða snar þáttur í því.“

Hugur vinnur nú um stundir að þróun hugbúnaðar í nýja gerð hraðbanka sem sérhannaðir eru fyrir hin nýju snjallkort: „Við höfum skrifað nýja lausn vegna snjallkortana. Nú þegar eru fjórir slíkir bankar í umferð, en með tíð og tíma verður þetta komið í alla 250 hraðbanka á landinu,“ segir Sigrún og bætir við að ekki sé langt í að snjallkort verði komin í veski flestra landsmanna: „Öll ný kreditkort sem fara í umferð eru með þessa tækni og debetkortin fylgja í kjölfarið. Einnig veit ég til þess að verið er að skipta gömlu posunum út fyrir snjallkortaposa.“

Fólk þarf þó ekki að skammast sín hafi það ekki tekið eftir nýju hraðbönkunum enda erfitt fyrir leikmann að greina þá frá þeim gömlu.

„Íslensku bankarnir hafa mikinn metnað til að hafa allt sem best og nýtskulegast. Þeim er mjög umhugað um að fé viðskiptavinanna sé í sem öruggustum höndum. Nýju snjallkortin verða snar þáttur í því.“

MUN ÖRUGGARA

Sigrún segir að öryggi korthafa aukist til muna þegar snjallkortin verði komin í umferð: „Þetta felst aðallega í öruggum samskiptum milli korts og kortafyrirtækis. Kortid sendir frá sér boð til kortafyrirtækis og þannig er hægt að sannreyna hvort kortid sé ósvikið. Síðan slær korthafi inn pin-númer sem sýnir fram á að réttur einstaklingur haldi á kortinu.“

Snjallkortin eru alþjóðlegt samvinnuverkefni kortarisanna Mastercard International og Visa International. Sérstakt fyrirtæki EMVco sér um að samræma staðla um öryggi í kortaviðskiptum. Höfuðáhersla þessa eftirlitsfyrirtækis er að sporna gegn kortasvindli.

VINNA MEÐ STÓRFYRIRTÆKI

Hugur er rötgróid fyrirtæki og hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum fyrir íslensku bankana frá 1983. Hjá fyrirtækinu vinna um 70 manns og skiptist starfsemin í tvö svið; viðskiptalausna- og fjármálalausnasvið.

Árið 1993 hóf Hugur að þróa hugbúnað fyrir hraðbanka og nýtur við þróun snjallkortahraðbankanna aðstoðar bandaríska hraðbankaframleiðandans Diebold. „Diebold er stórfyrirtæki, með 54 prósent markaðshlutdeild á hraðbankamarkaði í Bandaríkjunum auk þess sem þeir hafa sótt inn á Evrópumarkað,“ segir Sigrún.

Hugur notar tölvuforrit Diebold, svokallað þróunarumhverfi, til þróunar á eigin hraðbankahugbúnaði: „Þetta snýst raunar um að stýra hinum ýmsu hlutum hraðbankans og fá þá til að vinna saman, auk þess að framkvæma flókin og örugg samskipti milli fjármálastofnana. Þarna fara náttúrlega um verðmætar persónuupplýsingar, svo eins gott að allt gangi vel fyrir sig.“

OPNAR DYR ERLENDIS

Einn af kostum hugbúnaðarinnar frá Hug er að hann virkar með öllum tegundum vélbúnaðar, en hér á landi er mest notast við hugbúnað frá NCR. Sigrún segir Diebold-menn hafa verið hissa á hve framarlega Íslendingar eru á þessu sviði og að nú sé mikil vinna í gangi við að kynna hugbúnað fyrirtækisins erlendis: „Það hafa komið hingað menn frá Diebold í heimsókn og við erum að byrja að vinna í okkar málum erlendis. Svona mál taka þó auðvitað alltaf sinn tíma.“

Næsta skref hjá Hug er að klára prófanir á nýjum hugbúnaði og koma honum út í hraðbanka landsins auk þess sem stefnt er að því að styrkja samstarfið við Diebold enn frekar: „Við væntum þess að í náinni framtíð opnast leiðir fyrir íslenskar hugbúnaðarlausnir erlendis,“ segir Sigrún.



SNJALLKORT FRÁ MASTERCARD

Á myndinni má greinilega sjá örgjörvinn sem græddur er í kortið og kemur í veg fyrir að það megi afrita.

Að greiða með snjallkort

Kortið er sett í þar til gerðan lesara. Ekki verður lengur notast við undirskrift til að staðfesta kaup heldur fá notendur úthlutað sérstöku pin-númeri. Þegar kortinu hefur verið rennt í gegnum lesarann biður hann notanda um pin-númerið. Um leið og númerið hefur verið sleg-


id inn eru kaupin staðfest.

Þannig má segja að snjallkort athugi í tvígang hvort alls sé með felldu. Örgjörvinn er vörn gegn kortafólsum og pin-númerið tryggir að óprúttir aðilar geti ekki misnotað kort sem hafa tapast. *Upplýsingar af heimasíðu Fjölgreiðslumiðlunar www.fgm.is

FLEIRI HLUSTENDUR SEM HLUSTA MIKLU LENGUR


DOTT FOLK MCGANN

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Uppsöfnuð dekkun



Áheyrendur okkar eru fleiri...

Íslendingar undir 50 ára:
Allt landið - Markaðshlutféld meðalhlustum í mínútum



... og hlusta lengur!

BLT STENDUR FYRIR BYLGJUNA, LÉTT 96,7 OG TALSTÖÐINA

Hlustendur okkar eru þinn markhópur – 75% Íslendinga 50 ára og yngri hlusta á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina í viku hverri. Jafnframt hlusta þeir meira á þessar stöðvar en aðrar.

Samkeyrðar auglýsingar á BLT tryggja að skilaboðin þín komast áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Gallups í júní 2005
*Fm 95,7, X-ið Kiss Fm, X FM, Saga

98.9
BYLGJUNA

Létt 96.7
Réttu lögin...alltaf!

Talstöðin
FM 90,9



„Vinir“ Búða

Líklegt er að svokallaðir „vinir“ Hótel Búða séu ekki miklir vinir hótelsins lengur. Fyrir síðustu helgi sendi forsvarsaður hótelsins, Úlfar Ingi Þórðarson, tilkynningu á póstlista, sem „vinirnir“ eru skráðir á, um væntanlegt golfmót í nágrenni Búða. Einn viðtakenda var Páll Kr. Pálsson framkvæmdastjóri hjá Vaði og frumkvöðull í íslensku viðskiptalífi. Páll svarar tölvu-póstinum og biður Úlfar um að láta sig hafa listann yfir netföng „vinanna“. Í staðinn býður hann Úlfari póstlista Sæferða, sem geymi 2.500 netföng. Í svari sínu er Úlfar tregur að verða við beiðni Páls því að viðskiptavinir Búða vilji ekki óumbeðinn póst. Páll ítrekar beiðni sína og segir „fullt af fínum nöfnum“ á sínum lista. Greinilegt er að Úlfar gefur eftir og ætlar að afhenda Páli listann yfir „vinina“. Í svari sínu gerir hann hins vegar þau mistök að senda póstinn á sjálfa „vinina“ sem um leið sjá hvað félögnum fór áður á milli. „Vinirnir“, sem margir hverjir eru áberandi í viðskiptalífinu, vita hins vegar ekki hvort Úlfar fékk listann yfir 2.500 viðskiptavinum Sæferða.

Hvar er KB?

Bandaríska verslunarkeðjan Wal Mart er stærsta fyrirtæki í heimi samkvæmt lista Forbes yfir þau fimm hundruð stærstu. Tekjur Wal Mart námu á síðasta ári tæpum níttján þúsund milljörðum króna. British Petroleum varð í öðru sæti með litlu minni tekjur og bandaríska fjarskiptafyrirtækið Exxon Mobil í því þriðja. Langstærsta fyrirtæki á Norðurlöndum er norskri ríkisolíufurisinn Statoil sem lenti í 95. sæti. Ekkert íslenskt fyrirtæki komst á listann, KB banki var hvergi nálægur enda bara áttundi stærsti banki í Skandinavíu.

Ríkisrisinn vaknar

Póst- og fjarskiptastofnun leggur drögin að því að setja sérstakar kvaðir á Símann og Og Vodafone þar sem bæði fyrirtækin eru sögð hafa umtalsverðan markaðsstyrk í gegnum rekstur eigin farsímanets. Og Vodafone horfir nú framan í þá staðreynd að Símann verður einkavæddur í sumar. Búast má við því að það leysi verulegan drifkraft úr læðingi, sem býr í góðu starfsfólki og tæknibúnaði. Reynslan af einkavæðingu ríkisbankanna ætti að klingja einhverjum bjöllum í hugum stjórnenda Og Vodafone á meðan þeir undirbúa sig undir harðnandi samkeppni. Í árslok 2004 var fjöldi viðskiptavina Símans, mælt í fjölda GSM-farsímanúmera, 173 þúsund. Sambærileg tala fyrir Og Vodafone er 95 þúsund notendur.

0,3 Verðbólga á Íslandi reyndist aðeins 0,3 prósent í júní samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs Hagstofunnar.

211 KB banki er 211. stærsti banki heims.

253 Landsbankinn færðist upp um 253. sæti á lista stærstu banka heims.

www.icelandexpress.is

FLUG OG DÍLL

FRÁ 7.995 KR.*

Parftu að gera yfirtökutilboð í alþjóðlegan banka? Ertu að hugsa um að kaupa þér matvöruheðju, fyrirtækjasamstæðu eða bara að fara með starfsfólki út að borða? Hver sem tilgangur ferðarinnar er, býður Iceland Express alltaf ódýrustu og þægilegustu lausnirnar á viðskiptaferðum. Gerðu fjármálastjórnann glaðan og fljúgðu með Iceland Express.

Hvað græðirðu á því að ferðast með Iceland Express?

- ▶ Alltaf lág fargjöld
- ▶ Daglegt flug
- ▶ Engin sunnudagaregla
- ▶ Engin hámarksdvöl
- ▶ Auðvelt að breyta bókunum
- ▶ Aðstoð við hótélbókanir og framhaldsflug

Hafðu samband og við hjálpum þér að finna ódýrustu fargjöldin.

Beinn sími: 5 500 600
viðskiptaferdir@icelandexpress.is

Viðskiptaferðir fyrir fólk með viðskiptavit.

Verð frá: 7.995 kr.

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is